

# Stjórnartíðindi

## 2004 - B-deild - B164-166

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Inniheldur nýjar bls. 2717-2718 í B-deild 2004.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# ***Stjórnartíðindi***

**B 164-166**

**Nr. 1071-1100**

**2004**

## Efnisyfirlit B 164–166 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1071	29. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn. Suðurnes .....	2745
1072	29. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar .....	2745
1073	29. des.	Reglugerð um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2005 .....	2746-2749
1074	29. des.	Reglugerð um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski 2005, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands ..	2750-2752
1075	30. des.	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi .....	2752
1076	30. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....	2753
1077	22. des.	Reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni .....	2754-2765
1078	17. des.	Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu, byggingarleyfis- og þjónustugjöldum tæknideildar í Hveragerði .....	2765-2770
1079	22. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 .....	2770
1080	15. des.	Gjaldskrá fyrir Húsavíkurhöfn .....	2771-2776
1081	21. des.	Auglýsing um deiliskipulag á Fljótsdalshéraði .....	2776
1082	30. des.	Reglugerð um tóbaksgjald og merkingar tóbaks .....	2777-2779
1083	30. des.	Reglugerð um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna .....	2779-2780
1084	21. des.	Reglur um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7500 ærgildum á árunum 2004-2007 .....	2780-2786
1085	23. des.	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík .....	2787-2789
1086	27. des.	Auglýsing um deiliskipulag við Hammersminni á Djúpavogi	2789
1087	30. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Austurbyggð .....	2790
1088	15. des.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Húsavíkurbæ árið 2005 .....	2790
1089	15. des.	Gjaldskrá fyrir losun á seyru úr rotþróum í Húsavíkurbæ .....	2791
1090	14. des.	Gjaldskrá um sorphreinsun í Skaftárhreppi .....	2791-2792
1091	22. des.	Skipulagsskrá fyrir Kærleikssjóð Sogns .....	2793-2794
1092	23. des.	Skipulagsskrá fyrir Starfssjóð Félags fyrrum þjónandi presta	2794-2795
1093	30. des.	Auglýsing um breytingu á reglum um innkaup og sölu áfengis og skilmálum í viðskiptum við birgja nr. 351/2004	2796
1094	30. des.	Auglýsing um breytingu á reglum um innkaup og sölu tóbaks og skilmálum í viðskiptum við birgja nr. 796/2002	2796-2797
1095	24. des.	Auglýsing um deiliskipulag frístundabyggðar í Refsási (II. áfanga), í landi Hálsa, Skorradalshreppi .....	2797
1096	26. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Túngata 7, Álftanesi .....	2797
1097	22. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn nr. 405/2004 .....	2798

verðbréfum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast.

Sjóðurinn fjárfestir ekki fyrir meira en 10% hlutfjár í einstökum hlutafélögum á almennum hlutabréfamarkaði og ekki fyrir meira en 25% hlutfjár í einstökum hlutabréfasjóðum.

14. gr.

*Varðveisla stofnfjár.*

Í árslok 2007, þegar liðin eru 10 ár frá stofnun Nýsköpunarsjóðs, skal miða við að upphafleg krónutala stofnfjár sé óskert. Varðveisla stofnfjárins skal miðuð við vísitölu neysluverðs frá þeim tíma.

V. KAFLI

**Gildistaka o.fl.**

15. gr.

*Starfsreglur.*

Stjórn Nýsköpunarsjóðs setur starfsemi sjóðsins nánari starfsreglur sem ráðherra staðfestir og skulu þær birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2005 og jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 769/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, með síðari breytingum.

*Viðskiptaráðuneytinu, 23. desember 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

## REGLUGERÐ

**um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta.**

I. KAFLI

**Markmið, helstu hugtök og gildissvið.**

1. gr.

*Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann verði innan heimilda fjárlaga og að stjórnendur beri ábyrgð á fjárreiðum í samræmi við 49. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins og ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í rekstri ráðuneyta og ríkisstofnana skal virða fjárheimildir og þau lög og reglur sem um starfsemina gilda. Stjórnendur skulu ennfremur vinna að stefnumótun og samningsgerð

**Endurprentað blað.**



í samræmi við sjónarmið um árangursstjórnun í ríkisrekstri. Jafnframt skulu stjórnendur gæta þess að fylgt verði einstökum markmiðum og stefnumiðum, sem sett kunna að verða af þar til bærum aðilum.

2. gr.

*Orðskýringar.*

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

*Stofnun* er ríkisaðili sem telst til æðstu stjórnar ríkisins, svo og ráðuneyti og ríkisstofnun, sbr. 2. mgr. 3. gr.

*Forstöðumaður* er embættismaður í skilningi 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem borið getur ábyrgð skv. 38. gr. sömu laga.

*Ársáætlun* merkir fyrirhugaða ráðstöfun og dreifingu fjárheimilda stofnunar á árinu miðað við áætluð útgjöld hennar og takmarkast af fjárheimildum ársins, sbr. 8. gr.

*Ófyrirséð útgjöld* merkja útgjöld sem stafa af atvikum sem ekki voru séð fyrir við afgreiðslu fjárlaga og leiða til greiðsluskyldu ríkissjóðs umfram heimildir í fjárlögum sbr. 33. gr. laga nr. 88/1997.

*Safnliður* er sérstakur óskiptur liður í fjárlögum, þar sem veitt er heimild til þess að ráðstafa fjármunum vegna nánar tilgreindra verkefna.

*Árangursstjórnun* felur í sér setningu og uppgjör markmiða og fjárhagsáætlana.

*Fjárheimild* samanstendur af útgjöldum að frádregnum tekjum stofnana skv. fjárlögum, millifærslum af safnliðum, launa og verðlagsbótum, fjáraukalögum, auk innistæðna eða skulda sem færast milli ára.

3. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerðin tekur til forstöðumanna og stjórna stofnana þegar þessir aðilar taka ákvarðanir um rekstur og nýtingu fjármuna samkvæmt heimildum í fjárlögum. Reglugerðin tekur ennfremur til ráðuneyta við eftirlit með framkvæmd forstöðumanna og stjórna stofnana á fjárreiðum stofnana og þegar þau taka ákvarðanir skv. lögum nr. 88/1997, þ. á m. um ráðstöfun safnliða.

Fjármálaráðuneytið gerir í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti lista yfir þær stofnanir sem reglugerð þessi tekur til.

II. KAFLI

**Skipulag og verkaskipting.**

4. gr.

*Almennt eftirlit og samræming.*

Fjármálaráðuneytið hefur almennt eftirlit með framkvæmd fjárlaga og veitir almennar leiðbeiningar þar um. Það fylgist með því að heildarútgjöld stofnana séu í samræmi við fjárheimildir.

Ráðuneytið skal fylgjast með því hvernig eftirliti annarra ráðuneyta er háttað með fjárreiðum stofnana, sem undir þau heyra. Í því skyni getur það kallað eftir upplýsingum frá einstökum ráðuneytum um fjárhagsafkomu stofnana og fyrirhugaðar aðgerðir til að framfylgja áformum fjárlaga.

5. gr.

*Einstök ráðuneyti.*

Hvert ráðuneyti fer með yfirstjórn þeirra mála sem undir það heyra, skv. nánari fyrir-mælum í lögum. Þegar Alþingi hefur samþykkt fjárveitingu má ráðstafa henni samkvæmt fjárlögum, án frekari staðfestingar fjármálaráðuneytis.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 164 – 2004

---

29. desember 2004

2745

Nr. 1071

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn. Suðurnes.

Samkvæmt lögum nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja, vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Suðurnes, er taki gildi 1. janúar 2005:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Suðurnes, nr. 451, 20. júní 2003. Allir liðir 3. gr. hækki um 3%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Kristján Skarphéðinsson.*

29. desember 2004

Nr. 1072

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar.

Samkvæmt lögum nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja, vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Vestmannaeyjar, er taki gildi 1. janúar 2005:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Vestmannaeyjar, nr. 453, 20. júní 2003. Allir liðir 3. gr. hækki um 3%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Kristján Skarphéðinsson.*

## REGLUGERÐ

### um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2005.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókun við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs.

#### 2. gr.

Veiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu háðar leyfum Fiskistofu. Ekki skulu fleiri en þrjú norsk skip hafa leyfi til línuveiða samtímis.

Norsk stjórnvöld skulu sækja um leyfi fyrir skip til línuveiða til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, tegund fjarskiptabúnaðar og kallmerki.

#### 3. gr.

Norskum skipum sem hafa leyfi til línuveiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, samkvæmt þessari reglugerð, er heimilt að veiða samtals 500 tonn af keilu, löngu og blálöngu m.v. afla upp úr sjó. Auk þess er þeim heimilt að veiða alls 125 tonn af öðrum tegundum, þó ekki meira en 25 tonn af lúðu, 50 tonn af grálúðu og 50 tonn af karfa miðað við afla upp úr sjó.

Í veiðiferð skal afli í öðrum tegundum en keilu, löngu og blálöngu ekki vera meiri, en sem nemur 25% af samtals afla skipsins í keilu, löngu og blálöngu. Lúðuafli skal ekki vera meiri en sem nemur 5%, og afli af grálúðu og karfa ekki meiri en sem nemur 10% í hvorri tegund.

Fari afli í einhverri einstakri tegund, annarri en keilu, löngu eða blálöngu, yfir 50% af heildarafla þegar lína er dregin, er óheimilt að leggja línuna aftur nær þeim stað en 5 sjómílur.

Afla skal haldið aðgreindum eftir tegundum um borð í skipinu.

Leyfi norskra skipa til línuveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands falla úr gildi þegar sameiginlegur afli skipanna hefur náð þeim leyfilega heildarafla sem ákveðinn er í þessari grein.

#### 4. gr.

Norskum skipum sem leyfi hafa fengið til línuveiða er einungis heimilt að stunda veiðar sunnan 64°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínu, sbr. reglugerð nr. 299/1975.

Óheimilt er, í sömu veiðiferð, að stunda jafnframt línuveiðar utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

#### 5. gr.

Norsk skip sem leyfi hafa fengið til línuveiða skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til eftirlitsstöðvar, Landhelgisgæslu og Fiskistofu samkvæmt ákvæðum í fjareftirlitssamningi Fiskistofu Íslands og Fiskistofu Noregs sem kom til framkvæmda 1. ágúst 2000.

#### 6. gr.

Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, sigla um eina af eftirfarandi athugunarstöðvum:

- a) 66°00'N – 08°00'V
- b) 65°00'N – 11°00'V
- c) 64°00'N – 12°00'V

- d) 63°30'N – 16°00'V
- e) 63°00'N – 20°00'V
- f) 63°30'N – 25°00'V
- g) 65°00'N – 27°00'V

Athugunarstöðvum, sbr. 1. mgr., verður breytt með sérstakri reglugerð ef þróun veiða gefur tilefni til.

Skip geta í samráði við og með samþykki Landhelgisgæslunnar, haldið til annarra athugunarstöðva eða íslenskrar hafnar í stað athugunarstöðvar, sbr. 1. mgr.

Óheimilt er að yfirgefa athugunarstöð áður en tilkynntur komutími er liðinn, sbr. 7. gr., 10. gr. og 11. gr., nema að fengnu samþykki Landhelgisgæslunnar.

#### 7. gr.

Áður en skip kemur inn í fiskveiðilandhelgi Íslands skal tilkynna Landhelgisgæslunni um fyrirhugaðar veiðar og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Athugunarstöð sem siglt verður um, sbr. 6. gr., og fyrirhugaður komutími í athugunarstöðina.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr. Þó þarf ekki að tilgreina athugunarstöð sbr. síðasta lið.

#### 8. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 06.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða aflí frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

#### 9. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokartilkyning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.



## 10. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Athugunarstöð sem siglt verður um, sbr. 6. gr. og áætlaður komutími í athugunarstöð.

Löndunarhöfn.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstöðvar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

## 11. gr.

Heimilt er að senda saman tilkynningu um lok veiða sbr. 9. gr. og um komu í athugunarstöð sbr. 10. gr. Við sendingu slíkrar tilkynningar eiga ákvæði 10. gr. við að öðru leyti en því að í stað orðsins „athugunartilkynning“ (control report), koma orðin „loka- og athugunartilkynning“ (exit and control report).

## 12. gr.

Norsk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

## 13. gr.

Skipstjórum norskra skipa sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í skipunum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi athugun geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun geti farið fram.

Norskum skipum er skylt að halda afladagbók, skv. íslenskum reglum og skal hún sýnd eftirlitsaðilum þegar óskað er. Jafnframt skulu Hafrannsóknastofnuninni send afrit úr afladagbókum, sé þess óskað.

Leyfisbréf og reglur um veiðar skulu geymdar um borð í skipinu.

Tilkynningar samkvæmt 7.-11. gr. skal senda á íslensku eða ensku og skulu tímasetningar vera samkvæmt íslenskum tíma.

## 14. gr.

Heimilt er að frysta hausaðan og slægðan afla um borð. Frekari vinnsla á afla um borð er óheimil.

Við útreikning á afla um borð í afla upp úr sjó skal margfalda með eftirtöldum umreikni-  
stuðlum:

	<i>Úr hausuðum og slægðum í fisk upp úr sjó</i>		<i>Úr slægðum í fisk upp úr sjó</i>
	<i>með klumbubeini</i>	<i>án klumbubeins</i>	
Keila	1,47	1,56	1,11
Langa	1,41	1,50	1,19
Blálanga	1,41	1,50	1,19
Steinbítur/hlýri	1,45	1,59	1,11
Grálúða	1,39	1,42	1,09
Lúða	1,36	1,39	1,09
Karfi	1,61	1,82	1,06
Þorskur	1,55	1,70	1,19
Ýsa	1,47	1,61	1,19
Ufsi	1,39	1,49	1,19
Aðrar tegundir	1,30	1,40	1,10

15. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum sammings ríkjanna, sbr. 1. gr.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. desember 2004.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

### um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski 2005, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

#### 2. gr.

Allar veiðar á Norðurishafsporski eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Veiðar á íshafsporski eru aðeins heimilar innan lögsögu Noregs og Rússlands og miðast leyfi Fiskistofu við nýtingu þeirra veiðiheimilda. Aðeins þau skip, sem hafa aflahlutdeild/aflamark í Norðurishafsporski, á árinu 2005, eiga kost á veiðileyfi, samkvæmt reglugerð þessari.

#### 3. gr.

Fiskistofa skal úthluta aflamarki í þorski til einstakra skipa í efnahagslögsögu Noregs annars vegar, og í efnahagslögsögu Rússlands hins vegar. Aflamark einstaks skips á hvoru svæði fyrir sig ræðst af aflahlutdeild þess.

#### 4. gr.

Innan efnahagslögsögu Noregs, norðan við 62°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínunum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 4.380 tonn af þorski, auk 1.314 tonna aukaafra af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó. Innan efnahagslögsögu Rússlands, utan 12 sjómílna frá grunnlínunum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 2.738 tonn af þorski, auk 821 tonna aukaafra af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó.

Í hverri veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, skal afli af öðrum tegundum en þorski, ekki vera meiri en sem nemur 30% af þorskafra, miðað við afla upp úr sjó.

#### 5. gr.

Um veiðar í efnahagslögsögum Noregs og Rússlands fer samkvæmt reglum, sem settar eru af stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, m.a. varðandi eftirlitsmenn um borð í veiðiskipum, svæðalokanir og möskvastærðir. Íslenskum skipum er óheimilt að stunda loðnuveiðar í Barentshafi.

Ekki skulu fleiri en 15 íslensk skip stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Noregs. Íslenskum skipum er óheimilt að hefja veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, fyrir en að fenginni staðfestingu Fiskistofu um að þeim sé það heimilt og frá hvaða tíma.

Skip þau, sem stunda veiðar í lögsögu Noregs, skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í lögsögu Noregs, fyrir en starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa staðfest til Fiskistofu, að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega.

## 6. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. og 5. og 7. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark í Norðuríshafsporski.

## 7. gr.

Afli útgerð skips veiðiheimilda í rússneskri lögsögu, umfram þær sem úthlutað er skv. 3. gr., skal það tilkynnt Fiskistofu ásamt staðfestingu frá rússneskum stjórnvöldum og er óheimilt að stunda þær veiðar fyrr en Fiskistofa hefur staðfest heimildina.

## 8. gr.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar á Norðuríshafsporski og innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Fyrir upphaf hverrar veiðiferðar, skv. reglugerð þessari, skal skipstjóri tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðiferð hefst. Þá skal tilkynna til Fiskistofu, þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó, og áætlaður löndunarstaður og -tími. Sama gildir ef skip flytur sig milli lögsagna Noregs og Rússlands.

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku miðað við afla upp úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hve mikill hluti aflans er fenginn í efnahagslögsögu Noregs og hve mikill í efnahagslögsögu Rússlands.

## 9. gr.

Heimilt er að landa afla í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um skýrsluskil uppfyllt. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávaraflla á við að öðru leyti.

Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, og skal yfirlit yfir nýtingarstuðla fylgja sem viðauki við veiðileyfi.

Þegar Norðuríshafsporskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.

## 10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.



11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast gildi 1. janúar 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. desember 2004.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

---

*Pórður Eyþórsson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 1 og 2, Bakkaflöt 1-9 og Dalsflöt 2-10.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. desember 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 1 og 2, vegna lóðanna Bakkaflöt 1-9 og Dalsflöt 2-10.

Breytingin felst í breikkun byggingarreits úr 9 í 11 metra, þakform verði einhalla eða flatt, bílastæði á lóð númer 9 við Bakkaflöt verði fært að vesturmörkum lóðar, hæð veggja milli húsa sé 0,3 m yfir efstu brún þaks, efni í veggjum á lóðamörkum skal vera timbur eða steinsteypa.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 30. desember 2004.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

**Þorvaldur Vestmann.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 165 – 2004

---

30. desember 2004

2753

Nr. 1076

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

#### *Vagnhöfði 29.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 8. desember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða, vegna lóðarinnar Vagnhöfða 29.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Laugavegur 86 – 94.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 8. desember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.174.3, vegna lóðanna Laugavegur 86 – 94.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 30. desember 2004.*

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur,

**Salvör Jónsdóttir** sviðsstjóri.

## REGLUGERÐ

### um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

#### I. KAFLI

##### Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

###### 1. gr.

###### *Markmið.*

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja velferð gæludýra og dýra sem haldin eru í atvinnuskyni.

###### 2. gr.

###### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um meðferð, aðbúnað og umhirðu gæludýra. Við flutning gæludýra á milli landa skal fara að reglum Evrópusamnings um vernd dýra í millilandaflutningum, sbr. C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1969.

Reglugerð þessi gildir jafnframt um hvers konar ræktun, verslun, þjálfun, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig gildir reglugerðin um dýragarða og annað sýningarhald með dýr. Reglugerðin nær ekki til starfsemi sem fellur undir lög nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

###### 3. gr.

###### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking orða eftirfarandi:

*Dýragæsla:* Starfsemi þar sem dýra er gætt að staðaldri í atvinnuskyni.

*Dýrasýning:* Sýning dýra, annarra en skrautfiska, á almannafæri, svo sem í dýra- og skemmtigörðum, á ræktunar- og dýrasýningum og í verslunum og fyrirtækjum. Jafnframt þegar dýr er notað við gerð auglýsinga, í fjölmiðlum, í kvikmyndum og á leiksýningum.

*Gæludýr:* Hundar, kettir, skrautfiskar, nagdýr, kanínur og búrfuglar sem haldin eru til afþreyingar, félagsskapar, tómstundaiðju sem og hundar og kettir sem haldnir eru til gagns svo sem hundar í þjónustu lögreglu, tollgæslu og björgunarsveita, varðhundar, smalahundar, sleðahundar, leitarhundar, blindrahundar, veiðihundar og útihúsakettir.

*Gæludýrabú:* Starfsemi, svo sem hunda- og kattabú, þar sem sex eða fleiri gæludýr eru haldin til undaneldis í atvinnuskyni. Þetta á jafnt við um kven- og karldýr sem rekstraraðili á eða hefur í umsjá sinni.

*Gæludýraverslun:* Öll verslun með gæludýr að staðaldri í atvinnuskyni.

#### II. KAFLI

##### Almennt um aðbúnað gæludýra.

###### 4. gr.

###### *Ábyrgð.*

Eigendur og umráðamenn gæludýra skulu tryggja þeim viðunandi aðbúnað og umhverfi til að nærast, til íveru og hvíldar, til hreyfingar og afþreyingar. Þeir skulu jafnframt afla sér þekkingar á eðli og eiginleikum dýranna til að geta uppfyllt þarfir þeirra.

Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna er skylt að sjá til þess að þau hlýðnist fyrirmælum þessarar reglugerðar.

Eiganda og umráðamanni gæludýrs er skylt að koma í veg fyrir að það sleppi úr haldi. Gerist það skal þegar gera ráðstafanir til að handsama dýrið. Eigandi eða umráðamaður hunds í þéttbýli skal auðkenna hann varanlega með húðflúri eða örmerki. Eigandi eða umráðamaður kattar í þéttbýli skal auðkenna hann varanlega með húðflúri í eyra eða örmerki.

#### 5. gr.

##### *Atlæti og umhírða.*

Gæludýrum skal sýnd fyllsta nærgætni og umönnun á sérhverju aldursskeiði. Eigendur og umráðamenn skulu taka tillit til ólíkra þarfa hinna ýmsu tegunda að því er varðar fóðrun, umhyggju, hreyfingu, félagsskap og hitastig. Byggingar, girðingar, búr og aðrar vistarverur skulu vera þannig að vel fari um dýrin allt árið um kring.

Eigendum eða umsjónarmönnum gæludýra ber skylda til að halda þeim hreinum. Feldi, hami og klóm skal jafnframt halda í heilbrigðu og eðlilegu ástandi.

Tryggja skal sérhverju gæludýri daglegan og greiðan aðgang að næringarríku, heilnæmu og óskemmdu fóðri og fersku vatni. Fóðurtegund, magn, fjölbreytni og bætiefni skal miða við tegund, aldur, ástand og þörf hvers dýrs. Viðhafa skal hreinlæti við fóðrun og í fóðuraðstöðu gæludýrs. Gæta skal þess að fóður- og drykkjarílát séu ávallt hrein og vel aðgengileg dýrum á öllum aldri og þannig staðsett að hvorki fóður né vatn geti mengast af saur eða þvagi. Sérstaka aðgát skal hafa við fóðrun kvendýra með fangi, mjólkandi kvendýra, ungvíðis í örum vexti og aldraðra gæludýra. Sama gildir um búrfugla fyrir og eftir varp.

Eigandi og umráðamaður gæludýrs skal fylgjast með heilsufari þess og leita til dýralæknis sé það veikt eða slasað.

Óheimilt er að nota hvers konar tæki og tól sem kunna að valda gæludýri sársauka eða hræðslu, þar með talin rafmagns- og gaddahálsbönd.

Verði breytingar á aðstæðum gæludýrs, það t.d. fært inn í nýjan hóp, skal fylgjast vel með líðan þess og gera viðeigandi ráðstafanir virðist það ekki aðlagast hópnum.

Skylt er að annast spendýr með fangi, búrfugla komna að varpi og skrautfiska komna að hrygningu af nærgætni, búa þeim stað þar sem þau njóta næðis og forða þeim frá álagi og streitu frá öðrum gæludýrum eða umhverfi. Þegar að goti eða varpi kemur skal fylgjast náið með gæludýrinu til að geta veitt því liðsinni sé þess þörf eða kalla til dýralækni.

#### 6. gr.

##### *Sala og afhending.*

Þeim sem selur eða gefur gæludýr ber skylda til að veita þeim sem tekur við dýrinu upplýsingar um heilsufar og aldur dýrsins og eiginleika tegundarinnar. Veita skal viðtakanda leiðbeiningar um rétta meðferð, umhírðu og aðbúnað dýrsins.

Óheimilt er að selja einstaklingi yngri en 18 ára gæludýr nema með skriflegu samþykki forráðamanna.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til að hafa lifandi gæludýr sem happdrættisvinning.

#### 7. gr.

##### *Flutningur.*

Þeir sem flytja gæludýr skulu tryggja að ferðamáti og staðsetning dýrsins í farartæki misbjóði hvorki heilsu þess né þoli meðan á ferð stendur. Vanda skal umbúnað dýrsins sem best til að forðast hnjask og meiðsli. Hitastig meðan á flutningi stendur skal miðast við eðliseiginleika dýrsins svo sem hita- og kuldaþol. Hafa skal reglulegt eftirlit með líðan dýrsins meðan á ferð stendur til að tryggja velferð þess.



Sé gæludýr flutt í ferðabúri skal það vera með heilum botni og það rúmt að gæludýrið geti staðið í því, snúið sér við, legið og hvílst. Á búrinu skulu vera göt eða rimlar sem tryggja gott loft í því og útsýni.

Dvöl hunda og katta í farartæki skal ekki vera lengri en sex klukkutímar í senn án hvíldar en sé ferðatíminn lengri skal veita þeim aðgang að fersku vatni og fóðri og tækifæri til hreyfingar og til að sinna nauðsynlegum þörfum sínum.

Óheimilt er að flytja gæludýr í farangursrými bifreiðar nema hægt sé að fylgjast með líðan dýrsins úr farþegarými meðan á ferð stendur.

Ekki skal flytja sjúkt gæludýr, slasað eða komið að fæðingu, nema til og frá dýralækni eða sérstaklega standi á.

#### 8. gr.

##### *Aflífun.*

Aðeins dýralæknar mega aflífa gæludýr, nema í neyðartilfellum þegar ekki næst í dýralækni og ætla má að sjúkdómur dýrs eða meiðsl valdi því óbærilegum kvölum eða séu banvæn. Öðrum er þó heimilt að aflífa skrautfiska með koltvísýringi eða öðru sambærilegu efni.

### III. KAFLI

#### **Hundar.**

#### 9. gr.

##### *Aðbúnaður hunda og umönnun.*

Eigandi eða umráðamaður hunds skal stuðla að réttri meðferð í samræmi við eðli hans, eiginleika og aldur, sinna félagslegri þörf hans við manninn og ofgera honum ekki á neinn hátt. Hundur skal hafa tækifæri til að komast út daglega til að geta sinnt eðlilegum þörfum sínum og fá þá hreyfingu sem er nauðsynleg tegundinni.

Aðbúnaður og aðstaða hunds skal vera þannig að hæfi stærð hans og tegund með tilliti til hvíldar og hreyfingar. Daglegar vistarverur skulu vera hreinar, hæfilega hlýjar, bjartar og vel loftræstar. Tryggja skal hundi aðgengilegt svefn- og hvíldarpláss sem er laust við raka, dragsúg og hávaða. Undirlag skal vera hreint og mjúkt.

Ekki skal skilja hund eftir einan og eftirlitslausan lengur en sex klst. í senn nema í undantekningartilvikum.

Aðeins er heimilt að tjóðra hunda ef nauðsyn ber til og þá einungis stuttan tíma í senn. Reynist tjóðrun nauðsynleg skal þannig gengið frá bandinu að hundinum sé engin hættu búin af því.

Óheimilt er að loka hund í litlu, þröngu og gluggalausum rými. Sé hundur hafður í buri eða stíu skulu þau uppfylla lágmarkskröfur sem fram koma í viðauka með reglugerð þessari.

#### 10. gr.

##### *Undaneldi hunda.*

Aðeins skal nota heilbrigða hunda til undaneldis. Ekki skal ala undan hundum sem vitað er að geti ekki fjölgað sér á eðlilegan hátt eða eru haldnir arfgengum sjúkdómum sem geta haft áhrif á heilbrigði afkvæmanna eða skert eðlilegar lífslíkur þeirra.

Ekki skal nota tík til undaneldis fyrr en hún hefur náð til þess líkamlegum þroska, að jafnaði við annað lóðatímabil. Tryggja skal að tík fái nægjanlega hvíld milli gota, að jafnaði 1-2 lóðatímabil.

Útbúa skal hvolpafullri tík viðhlítandi hvíldarpláss í rólegu umhverfi sem hún getur lagað sig að tímanlega fyrir got. Sé tík með hvolpa höfð í buri eða stíu skulu þau uppfylla lágmarkskröfur sem fram koma í viðauka með reglugerð þessari.

## 11. gr.

*Hvolpar.*

Ekki skal nema í undantekningartilfellum aðskilja hvolp frá tík fyrr en hann hefur náð 8 vikna aldri. Hvolpur yngri en 4 mánaða skal að jafnaði ekki skilinn eftir einn og án eftirlits lengur en 3 klst. í senn.

Eigandi eða umráðamaður hvolps skal sinna honum daglega til að venja hann við samskipti við manninn. Hefja skal félags- og umhverfismótun hvolpsins strax á fyrstu viku og aðlaga hann að umhverfinu.

## IV. KAFLI

**Kettir.**

## 12. gr.

*Aðbúnaður katta og umönnun.*

Aðbúnaður og aðstaða kattar skal vera þannig að hæfi stærð hans og tegund með tilliti til hvíldar og hreyfingar. Daglegar vistarverur kattar skulu vera hreinar, hæfilega hlýjar, bjartar og vel loftræstar. Tryggja skal ketti aðgengilegt svefn- og hvíldarpláss sem er laust við raka, dragsúg og hávaða. Undirlag skal vera hreint og mjúkt.

Ketti sem ávallt er haldið innandyra skal tryggja aðstöðu og umhverfi sem uppfyllir þörf hans fyrir tilbreytingu, afþreyingu, eðlilega hreyfingu og góða yfirsýn yfir yfirráðasvæðið.

Ekki skal skilja kött eftir einan og eftirlitslausan lengur en nauðsynlegt er og að hámarki í einn sólarhring.

Ekki skal tjóðra ketti nema í undantekningartilvikum og þá einungis í skamma stund í senn og undir stöðugu eftirliti.

Óheimilt er að halda ketti í lokuðu, gluggalausum rými. Sé köttur hafður í búi skal það uppfylla lágmarkskröfur sem fram koma í viðauka með reglugerð þessari.

## 13. gr.

*Undaneldi katta.*

Aðeins skal nota heilbrigða ketti til undaneldis. Ekki skal ala undan köttum sem vitað er að geti ekki fjölgað sér á eðlilegan hátt eða eru haldnir arfgengum sjúkdómum sem geta haft áhrif á heilbrigði afkvæmanna eða skert eðlilegar lífslíkur þeirra.

## 14. gr.

*Kettlingar.*

Ekki skal nema í undantekningartilvikum aðskilja kettling frá læðu fyrr en hann hefur náð 8 vikna aldri. Kettlingur yngri en 4 mánaða skal að jafnaði ekki skilinn eftir einn og án eftirlits lengur en 6 klst. í senn.

Eigandi og umráðamaður kettlings skal sinna honum daglega til að venja hann við samskipti við manninn.

## V. KAFLI

**Kanínur og nagdýr.**

## 15. gr.

*Aðbúnaður og umönnun kanína og nagdýra.*

Kanínur og nagdýrum skal gefinn kostur á að njóta afþreyingar og félagsskapar eftir því sem við á. Næturvirkum dýrum skal tryggður nægilegur friður til hvíldar yfir daginn.

Búr eða aðhald skal þannig úr garði gert að dýrin geti séð og heyrt það sem fram fer utan þess, fái útrás fyrir eðlilega hreyfipörf, hafi möguleika á afdrepi gegn áreiti, óvinveittum dýrum og of mikilli birtu og hafi jafnframt aðgang að hentugu bæli. Tryggja skal að dýrin

geti ekki nagað sig út úr búrinu eða aðhaldinu né gangi á neti eingöngu. Hluti búrsins skal búinn föstum botni. Stærð og gerð búra skal uppfylla þær lágmarkskröfur sem fram koma í viðauka við reglugerð þessa.

Búrum skal halda hreinum. Undirburður skal ávallt vera hreinn og úr viðeigandi efni. Innibúr skulu standa í minnst 50 cm hæð frá gólfi. Séu kanínur hafðar úti að staðaldri skal tryggja að aðstæða þeirra veiti skjól gegn veðri, vindum og sólarljósi, sé laus við dragsúg og vel einangruð frá jarðkulda. Nagdýr skal ekki vista utandyra.

Óheimilt er að skilja kanínur eða nagdýr eftir ein og eftirlitslaus lengur en tvo sólarhringa.

#### 16. gr.

##### *Undaneldi kanína og nagdýra og umönnun ungvíðis.*

Aðeins skal nota heilbrigðar kanínur og nagdýr til undaneldis.

Tveimur vikum fyrir got eða þegar meðganga er hálfnuð skal færa kanínu í sér búr með hlýjum hreiðurgerðarkassa. Kanínuna skal hafa eina í búri með ungum sínum í 5 vikur eða á meðan ungarnir eru á spena. Ekki skal nema í undantekningartilvikum skilja kanínuunga yngri en 5 vikna frá móður, naggrísaunga, dverghamstraunga og músaunga yngri en 3 vikna og gullhamstraunga yngri en 25 daga. Líða skulu minnst tvær vikur frá því að kanínuungar eru aðskildir frá móður þar til hún er aftur sett í búr með karldýri.

## VI. KAFLI

### **Búrfuglar.**

#### 17. gr.

##### *Aðbúnaður búrfugla og umönnun.*

Fuglabúr skulu uppfylla þær lágmarkskröfur sem fram koma í viðauka við reglugerð þessa.

Fuglabúr skulu þannig gerð, að þau henti tegundinni og að fuglarnir geti séð og heyrt það sem fram fer í umhverfi þeirra. Bil milli rimla og botn skulu vera þannig að fuglinn geti ekki slasað sig. Í fuglabúri skulu vera minnst tvö priki til að sitja á og í botni þeirra skal vera heppilegur undirburður. Í þeim skal jafnframt vera afdrep fyrir þá fugla sem er eiginlegt að draga sig í hlé eða þá sem sýna merki um veikindi eða streitu. Séu margir fuglar í sama búri, skal vera það rúmt um fuglana, að þeir geti allir setið samtímis á priki og unnt sé að fljúga á milli prika. Búr ætluð páfagaukum skulu vera þannig að þeir geti klifrað í þeim.

Staðsetning fuglabúra skal vera þannig að sem best fari um fuglinn.

Ekki skal tjóðra búrfugla nema í undantekningartilvikum og þá einungis við fóthring í skamma stund í senn.

Fordast skal að setja fleiri en eina tegund fugla í sama búr nema vitað sé að tegundirnar geti lifað í sambýli.

Óheimilt er að skilja búrfugla eftir án eftirlits lengur en 2 sólarhringa.

#### 18. gr.

##### *Undaneldi búrfugla og umönnun ungvíðis.*

Aðeins skal nota heilbrigða fugla til undaneldis. Ekki skal ala undan fuglum sem eru haldnir arfgengum sjúkdómum sem geta haft áhrif á heilbrigði afkvæmanna eða skert lífslíkur þeirra.

## VII. KAFLI Skrautfiskar.

### 19. gr.

#### *Aðbúnaður skrautfiska.*

Gæta skal þess að offóðra ekki skrautfiska.

Stærð og lögum fiskabúrs, vatnsmagn og lýsingu skal miða við tegund, stærð og fjölda þeirra fiska sem í því eru. Á fiskabúri skal vera lok eða glerhlíf sé þess þörf. Vatnsgæði, hitastig og dýpt skal aðlaga hverri tegund.

Skrautfiskar skulu eiga þess kost að leita skjóls eða fela sig henti það tegundinni. Hlutir og undirburður (botnefni) í fiskabúri skulu henta þeim tegundunum sem þar eru.

Vatni í fiskabúri skal skipta út reglulega til að gæði vatnsins haldist eða nota viðeigandi hreinsibúnað.

## VIII. KAFLI Dýrahald í atvinnuskyni.

### 20. gr.

#### *Leyfisveitingar og eftirlit.*

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf leyfi Umhverfisstofnunar til að setja á stofn dýragarða og halda dýrasýningar. Til að handsama villt dýr fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra, þarf leyfi umhverfisráðherra að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, sbr. lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

### 21. gr.

#### *Gerð umsókna.*

Í umsókn um leyfi skv. 20. gr. skal tilgreina nafn og heimilisfang umsækjanda og ábyrgðarmanns, menntun og starfsreynslu á þessu sviði ásamt nafni starfseminnar og heimilisfangi, auk kennitölu sé um fyrirtæki að ræða. Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum frá Umhverfisstofnun.

Gera skal ítarlega grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi og tilgreina þær dýrategundir sem ætlunin er að halda, sýna eða veita þjónustu og hámarksfjölda spendýra og fugla sem fyrirhugað er að verði í umsjá rekstraradila í senn. Einnig skulu fylgja umsókninni greinargóðar upplýsingar um vistarverur, fóðrun, vörslu og meðferð dýranna, auk fjölda starfsmanna sem fyrirhugað er að sinni dýrunum. Greinargóðar lýsingar skulu fylgja um staðsetningu starfseminnar (teikningar eða myndir) og afstöðu- og yfirlitsteikningar sem sýna mannvirki svo sem hús, búr, stíur, girðingar og þess háttar eftir því sem við á. Ef sótt er um leyfi til að halda tímabundna dýrasýningu skal koma fram hversu lengi ætlunin er að sýningin standi.

Umsókn um tímabundna dýrasýningu skal fylgja umsögn viðkomandi ábyrgðardýralæknis sbr. 2. mgr. 22. gr. Umsókn um önnur leyfi skv. 20. gr. skal fylgja umsögn héraðsdýralæknis og eldvarnareftirlits auk samþykkis viðkomandi heilbrigðisnefndar ásamt upplýsingum um afstöðu nágretta hátti þannig til.

### 22. gr.

#### *Efni leyfis og ábyrgðarmaður.*

Áður en leyfi skv. 20. gr. er veitt skal tilgreina ábyrgðarmann sem stjórnar og ber ábyrgð á aðbúnaði og umhirðu dýranna, nema um sé að ræða tímabundna dýrasýningu, sbr. 2. mgr. Ábyrgðarmaður skal hafa haldgóða menntun, þekkingu eða reynslu í meðferð og hegðun dýra að mati Umhverfisstofnunar og reynslu af fóðrun, gæslu og umönnun dýra.



Áður en veitt er leyfi fyrir tímabundinni dýrasýningu skal umsækjandi tilgreina dýralækni sem ber ábyrgð á aðbúnaði og umhirðu dýranna meðan á sýningunni stendur.

Leyfi skal gefa út til tiltekins tíma, mest fjögurra ára í senn. Tilgreina skal rekstraraðila, ábyrgðarmann og staðsetningu starfsemi, tegund hennar, skilyrði, gildistíma og endurskoðun leyfis, auk ákvæða um eftirlit, aðbúnað og hreinlæti eftir því sem við á hverju sinni. Einnig skal tilgreina þær tegundir og hámarksfjölda dýra sem leyfilegt er að halda, sýna eða veita þjónustu á vegum rekstraraðila í senn.

Heimilt er að binda leyfi skilyrðum til að tryggja góða meðferð dýranna, svo sem um aðbúnað, umhirðu, viðhlítandi vistarverur og eftirlit með starfseminni.

### 23. gr.

#### *Almennar kröfur.*

Ákvæði II.-VII. kafla reglugerðar þessarar gilda einnig um dýrahald í atvinnuskyni samkvæmt þessum kafla eftir því sem við á. Stærð og gerð vistarvera skulu uppfylla þær lágmarkskröfur sem fram koma í viðauka með reglugerð þessari. Gólf, veggir, loft, innréttingar og annar búnaður skulu vera úr efni, sem auðvelt er að þrifa, gólf mega þó ekki vera hál. Allur útbúnaður skal vera þannig gerður að engin hætta sé á að dýrin slasi sig á honum eða að hann valdi þeim heilsutjóni. Ekki má nota efni sem geta valdið dýrunum vanlíðan eða heilsutjóni.

Vistarverum dýranna skal haldið þurrum og hreinum. Loftræsting skal vera góð í vistarverum dýranna og koma skal í veg fyrir dragsúg.

Lofthita skal haldið sem næst kjörhita fyrir hvert dýr og gæta skal þess að dagleg hita-sveifla sé sem minnst. Rakastig skal að jafnaði vera á bilinu 40-70%. Ekki má vera svo mikill hávaði í vistarverum dýranna að hann hafi skaðleg áhrif á heilsu dýranna, eða innan við 40 dB að jafnaði. Spendýr og fuglar skulu njóta dagsbirtu á meðan birtu gætir. Stöðug sterk lýsing er óheimil. Ekki má vera sterk lýsing að næturlagi.

Rekstraraðili skal hafa náð og reglulegt eftirlit með þeim dýrum sem eru í umsjá hans. Umhverfisstofnun getur gert kröfu um að vistarverur dýra á gæludýrabúum séu búnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði tengdum loftræstingu og hitastigi ef það er nauðsynlegt til að tryggja öryggi dýranna. Þurrfóður skal geyma á þurrum og köldum stað en nýmeti skal geyma í kæli við 4 - 8°C eða fryst við minnst -18°C. Fóðurgeymslur skulu vera hreinar og músa- og rottuheldar.

Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að skrám og dagbókum sem halda skal skv. 2. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 26. gr. Umhverfisstofnun skal gera sýnishorn af slíkum skrám og dagbókum.

### 24. gr.

#### *Gæludýraverslanir.*

Staðsetja skal ólíkar tegundir dýra í gæludýraverslun þannig að staðsetningin valdi þeim sem minnstri streitu og álagi. Tryggja skal að dýrin geti matast, hvílst og gert þarfir sínar. Rúmgóð séraðstaða, aðskilin frá verslunarrými, skal vera fyrir lasburða eða veik dýr eða dýr komin að goti og með ung afkvæmi. Sé dýr veikt eða leiki grunur á að það sé lasburða eða veikt skal ábyrgðarmaður með dýrahaldi verslunarinnar ráðfæra sig við dýralækni um meðferð eða aflífun.

Líta skal til dýranna minnst einu sinni á sólarhring þá daga sem verslunin er lokuð.

Óheimilt er að selja hunda eða ketti í gæludýraverslunum. Ennfremur er óheimilt að sýna eða selja lasburða eða veik dýr, dýr komin að burði eða með mjög ung afkvæmi. Ungar kanína eða nagdýra skulu við afhendingu hafa náð þeim lágmarksaldri er fram kemur í 3. málsl. 2. mgr. 16. gr.

## 25. gr.

*Hundabú.*

Auðkenna skal sérhvern hund á hundabúi með örmerki.

Halda skal skrá um sérhvern hund á búinu þar sem fram koma upplýsingar um tegund, kyn, fæðingardag, lit og varanlegt auðkenni ásamt ítarlegum heilsufarsupplýsingum. Halda skal skrá yfir viðskipti með einstök dýr þar sem fram komi nafn og heimilisfang kaupanda. Jafnframt skal halda dagbók um sérhvern hund á búinu, um heilsufar hans, fóðrun og tímalengdur útiveru, pörun, hvenær tík á búinu eignast afkvæmi, fjölda þeirra og annað er viðkemur velferð hundsins.

Úr hverju innibúri eða stíu skal vera beint og/eða óheft aðgengi í útigerði í að minnsta kosti 8 klst. á dag. Sér gerði skal vera með hverju búri eða stíu. Umhverfisstofnun getur þó heimilað annað fyrirkomulag sem stofnunin telur fullnægjandi til að tryggja útiveru hundanna. Útgerði skulu vera á skjólgóðum og björtum stað og í þeim skal vera pallur til að liggja á. Ekki má myndast svað við úrkomu og efsta lagið skal endurnýjað reglulega. Sé gerði steipt eða malbikað skal vera gott afrennsli svo ekki myndist pollar. Gerði skal þannig útbúið að dýrin geti ekki sloppið út. Ekki skal hafa hunda búri eða stíu ef hætta er á að þeir valdi hvor öðrum skaða. Taka skal tillit til aldurs og tegundar.

Sérstök aðstaða þar sem gætir næðis skal vera fyrir veika eða lasburða hunda, hvolpafullar tíkur og nýgotnar. Lóðatíkur skal einnig halda sér. Hafa skal aðstöðu til að baða, hirða og snyrta hunda.

Skylt er að fylgjast reglulega og náð með sérhverri hvolpafullri tík sem komin er að goti. Nýgotin tík skal ekki vera eftirlitslaus fyrstu tvær vikurnar eftir got og skal hún njóta næðis ásamt hvolpunum þann tíma. Tíkin skal ávallt hafa aðgang að hvíldarstað sem er óaðgengilegur hvolpunum. Fylgjast skal reglulega með hvolpum yfir daginn og tryggja að þeir venjist umgengni við fólk og aðra hunda.

Hvolpar skulu hafa aðgang að rými þar sem þeir geta hvílst, gert þarfir sínar og leikið sér. Þeir skulu hafa aðgang að heppilegum leikföngum.

Hvolpa skal ekki selja fyrir en þeir hafa náð 8 vikna aldri.

Ekki skal nota tík til undaneldis í atvinnuskyni eftir að hún hefur náð 7 ára aldri nema að höfðu samráði við dýralækni.

## 26. gr.

*Kattabú.*

Auðkenna skal sérhvern kött á kattabúi með varanlegu auðkenni.

Halda skal skrá um sérhvern kött á búinu þar sem fram koma upplýsingar um tegund, kyn, fæðingardag, lit og varanlegt auðkenni ásamt ítarlegum heilsufarsupplýsingum. Halda skal skrá yfir viðskipti með einstök dýr þar sem fram komi nafn og heimilisfang kaupanda. Jafnframt skal halda dagbók um sérhvern kött á búinu, um heilsufar hans, fóðrun, pörun, hvenær læður á búinu eignast afkvæmi, fjölda þeirra og annað er viðkemur velferð kattarsins.

Búr skulu vera útbúin leguplássum í mismunandi hæðum svo og klóru og klifrustæði. Allir kettirnir skulu samtímis geta haft aðgang að leguplássi. Jafnframt skal tryggja greiðan aðgang að kassa með sandi sem skal staðsetja svo þeir geti gert þarfir sínar í næði. Kassanum skal halda vel hreinum. Ekki skal hafa í sama rými fleiri en 15 fullvaxta ketti eða 20 kettlinga. Ekki skal hafa ketti saman ef hætta er á að þeir valdi hvor öðrum skaða. Taka skal tillit til aldurs og tegundar.

Tryggja skal hverjum ketti daglega hreyfingu og afþreyingu utan búrsins.

Séraðstaða þar sem gætir næðis skal vera fyrir veika eða lasburða ketti og fyrir kettlingafullar og nýgotnar læður. Nýgotnar læður skulu jafnframt hafa möguleika á að liggja

hjá kettlingunum á dimmum stað, t.d. í lokuðu bæli. Hafa skal aðstöðu til að baða, hirða og snyrta ketti.

Skylt er að fylgjast reglulega og náíð með sérhverri kettlingafullri læðu sem komin er að goti. Nýgotin læða skal ekki vera eftirlitslaus fyrstu tvær vikurnar eftir got og skal hún njóta næðis ásamt kettlingunum þann tíma. Læðan skal hafa aðgang að hvíldarstað sem er óaðgengilegur kettlingunum. Fylgjast skal reglulega með kettlingum yngri en 8 vikna yfir daginn og tryggja að þeir venjist umgengni við fólk og aðra ketti.

Kettlingar skulu hafa aðgang að rými þar sem þeir geta leikið sér með heppilegum leikföngum sér til afþreyingar, hvílst og gert þarfir sínar án truflunar hverjir af öðrum.

#### 27. gr.

##### *Dýragæsla.*

Hundar í gæslu skulu hafa beint og óheft aðgengi að útigerði í að minnsta kosti 8 klst. á dag. Sér gerði skal vera með hverju búi eða stíu. Umhverfisstofnun getur þó heimilað annað fyrirkomulag sem stofnunin telur fullnægjandi til að tryggja útiveru hundanna. Útigerði skulu vera á skjólgóðum og björtum stað og í þeim skal vera pallur til að liggja á. Ekki má myndast svað við úrkomu og efsta lagið skal endurnýjað reglulega. Sé gerði steypst eða malbikað skal vera gott afrennsli svo ekki myndist pollar. Gerði skal þannig útbúið að dýrin geti ekki sloppið út.

Tryggja skal að dýr í gæslu valdi ekki hvert öðru skaða.

Sérstök aðstaða skal vera fyrir þau dýr er kunna að veikjast eða eru lasburða, sem og fyrir lóðatíkur og breimalæður. Jafnframt skal vera aðstaða til baða og feldhirðu þeirra dýra er þess þurfa.

Sé aðstaða fyrir óskiladýr á staðnum skal hún vera algerlega aðskilin frá vistarverum annarra dýra.

#### 28. gr.

##### *Þjálfunarnámskeið og þjálfunarskólar.*

Hver sá sem heldur þjálfunarnámskeið eða rekur þjálfunarskóla fyrir dýr skal hafa til þess aðstöðu eða húsnæði er hentar starfseminni. Séu námskeið haldin utandyra skal tryggja dýrunum skjólgott og hlýtt athvarf í hvíldartíma og að þjálfun lokinni.

Óheimilt er að nota hvers konar tæki eða tól eða beita þau dýr sem þjálfar skal neinum þeim aðferðum eða þvingunum sem valda þeim sársauka eða hræðslu.

#### 29. gr.

##### *Dýrasýningar.*

Óheimilt er að nota dýr í atriði er veldur því hræðslu, óþægindum eða sársauka né sýna athafnir með eða aðgerðir á dýrum séu þær lítilsvirðandi fyrir dýrið eða misbjóði almennu velsæmi.

Óheimilt er að sýna dýr komið nálægt fæðingu eða með afkvæmi yngri en 3ja vikna.

Ekki er heimilt að hafa dýr til sýnis í verslunargluggum, verslunarmiðstöðvum eða á öðrum sambærilegum stöðum ef það getur valdið ótta eða streitu hjá dýrunum.

### IX. KAFLI Ýmis ákvæði.

#### 30. gr.

Um þvingunarúrræði og viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt 18.-21. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd.

## 31. gr.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

## 32. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5., 11. og 12. gr. laga nr. 15/1994 um dýra-  
vernd og að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.  
Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um dýrahald í atvinnuskyni nr. 499/1997.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

## I.

Starfsemi, sem við gildistöku reglugerðar þessarar hefur gilt leyfi til dýrahalds í atvinnu-  
skyni en uppfyllir ekki kröfur reglugerðarinnar, er veittur frestur til 1. janúar 2006 til að upp-  
fylla þær kröfur.

Þeir aðilar sem ekki falla undir VIII. kafla reglugerðar þessarar og halda gæludýr í  
búrum og útigerðum hafa frest til 1. janúar 2006 til að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar og  
viðauka hennar, varðandi lágmarksstærðir búra og útigerða.

*Umhverfísráðuneytinu, 22. desember 2004.*

**Sigríður A. Þórðardóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## VIÐAUKI

**Lágmarksstærðir í vistarverum gæludýra.**

## 1. Tafla

**Innibúr og stíur fyrir hunda.**

Fjöldi hunda	Lágmarksflötur (m <sup>2</sup> ) miðað við meðalþyngd hundanna.					
	<5 kg	5-10 kg	10-20 kg	20-30 kg	30-40 kg	>40 kg
1	2,0	2,0	2,5	3,5	4,5	5,5
2	2,0	2,5	3,5	4,5	6,0	7,5
3	2,0	3,5	4,5	6,0	7,5	10,0
4	2,5	4,0	5,5			
5	3,0	5,0	6,5			
6	4,0	5,5				
7	4,5	6,0				
<b>Tíkur með hvolpa</b>	2,0	3,0	4,0	6,0	8,0	9,0

Þak búrs skal vera nægilega hátt til að hundarnir geti staðið á afturfótunum án þess að reka sig upp undir,  
þó aldrei lægri en 1,3 m. Ekki er leyfilegt að stafla búrum.

2. Tafla  
Útigerði fyrir hunda.

Fjöldi hunda	Lágmarksflötur (m <sup>2</sup> ) miðað við meðalþyngd hundanna.					
	<5 kg	5-10 kg	10-20 kg	20-30 kg	30-40 kg	>40 kg
1	6	10	15	16	18	20
2	8	14	18	20	24	28
3	10	17	22	24	28	36
4	12	20	26	28	36	44
5	14	24	30	32	42	52
6	16	26	34	36	48	60
7	18	29	38	40	54	68

3. Tafla  
Vistarverur katta.

Lágmarksgólfhlötur búrs*	1,5 m <sup>2</sup>
Lágmarksgólfhlötur á kött í buri*	0,7 m <sup>2</sup>
Lágmarkshæð búrs	1,3 m
Lágmarksgólfhlötur athafnasvæðis utan búrs	5 m <sup>2</sup>
Lágmarksgólfhlötur á kött á athafnasvæði	1 m <sup>2</sup>

Óheimilt er að stafla búrum í hæðir.

\*Engin hlið búrs má vera styttri en 1 m.

4. Tafla  
Búr fyrir kanínur og nagdýr.

Tegund	Lágmarksgólf- flötur búrs (m <sup>2</sup> )	Lágmarksgólf- flötur á dýr (m <sup>2</sup> )	Lágmarkshæð búrs (m)
Mýs	0,09	0,018	0,2
Rottur	0,18	0,06	0,3
Hamstrar	0,09	0,045	0,2
Naggrísir	0,3	0,15	0,25
Kanínur < 1,8 kg	0,25	0,12	0,3
Kanínur 1,8 – 3,0 kg	0,5	0,25	0,4
Kanínur 3,0 – 5,0 kg	0,7	0,35	0,5
Kanínur > 5,0 kg	0,9	0,45	0,6

Lágmarkshæð kanínubúrs skal auk þess vera þannig að kanínan geti staðið á afturfótunum án þess að reka eyrun upp í loft búrsins. Styttri hlið kanínubúra skal ná sömu lágmarkum og hæðin.

5. Tafla  
Fuglabúr.

Lengd fugls* (cm)	Lágmarksflötur (m <sup>2</sup> )	Lágmarksflötur á fugl (m <sup>2</sup> /fugl)	Lágmarks lengd styttri hliðar (m)	Lágmarks-hæð (m)
< 16	0,31	0,03	0,40	0,6
16-20	0,31	0,04	0,45	0,6
21-25	0,45	0,06	0,50	0,6
26-35	0,75	0,10	0,55	0,8
36-45	1,20	0,30	0,60	1,0
46-55	1,60	0,50	0,70	1,2
56-65	2,00	0,80	0,80	1,4
66-75	2,50	1,00	0,90	1,6
> 75	3,00	1,50	1,00	1,6

\* Mælt frá goggi til stéls

17. desember 2004

Nr. 1078

## GJALDSKRÁ

### fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu, byggingarleyfis- og þjónustugjöldum tæknideildar í Hveragerði.

#### 1. gr.

Af öllum nýbyggingum, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum í Hveragerði skal greiða gatnagerðargjald til sveitarfélagsins samkvæmt samþykkt þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996. Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda stofngjald vatnsveitu skv. lögum um vatnsveitur nr. 81/1991, stofngjald holræsa skv. lögum nr. 15/1923 og byggingarleyfisgjald og þjónustugjöld tæknideildar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.

#### 2. gr.

Tekjum sveitarfélagsins vegna gatnagerðargjalda skal varið til gatnagerðar og til þess að gera bæði eignar- og leigulóðir byggingarhæfar. Einnig skal tekjunum varið til greiðslu kostnaðar við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum þ.m.t. vegna götulýsingar, við lagningu bundins slitlags og gangstétta, gerð umferðareyja, gangstíga og opinna svæða.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds holræsa skal varið til holræsaframkvæmda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna byggingarleyfis- og þjónustugjalda tæknideildar skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

#### 3. gr.

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna nýrra lóða og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði á þegar byggðum lóðum, þ.e. eldri lóðum. Gatnagerðargjald er

ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Í desember 2004 kr. 95.066,90.

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðið gjald eftir húsgerðum:

Einbýlishús	10,5%	kr.	9.982 pr. m <sup>2</sup> húss
Parhús	9,0%	kr.	8.556 pr. m <sup>2</sup> húss
Raðhús	8,0%	kr.	7.605 pr. m <sup>2</sup> húss
Fjölbýlishús	5,0%	kr.	4.753 pr. m <sup>2</sup> húss

Af atvinnuhúsnæði greiðist ákveðið gjald af hverjum gólfplatfermetra húss og af hverjum flatarmetra lóðar:

Athafna- og þjónustuhús,	4,0%	kr.	4.753 pr. m <sup>2</sup> húss (mannvirkis)
sundlaugar o.þ.h. mannvirki	0,5%	kr.	448 pr. m <sup>2</sup> lóðar
Gróðurhús	1,3%	kr.	1.165 pr. m <sup>2</sup> húss
	0,5%	kr.	448 pr. m <sup>2</sup> lóðar
Hesthús/önnur hús	3,0%	kr.	2.688 pr. m <sup>2</sup> húss
	0,5%	kr.	475 pr. m <sup>2</sup> lóðar

Lágmarks gatnagerðargjald skv. gjaldskrá þessari er eftirfarandi:

Einbýlishús allt að 200 m <sup>2</sup>	kr.	2.000.000 pr. íbúð
Parhús allt að 150 m <sup>2</sup> pr. íbúð	kr.	1.280.000 pr. íbúð
Raðhús allt að 125 m <sup>2</sup> pr. íbúð	kr.	950.000 pr. íbúð
Fjölbýlishús allt að 100 m <sup>2</sup> pr. íbúð	kr.	480.000 pr. íbúð

Lágmarks gjald skal þó aldrei vera hærra en ákvæði 3. gr. laga nr. 17/1996 leyfa.

Lágmarksgatnagerðargjald af öðrum lóðum en íbúðarlóðum skal taka mið af nýtingarmöguleika á lóð skv. því skipulagi, sem gildir við lóðarúthlutun.

Hámarksgjald skv. gjaldskrá þessari er eftirfarandi:

Einbýlishús stærri en 200 m <sup>2</sup>	kr.	2.500.000 pr. íbúð
Parhús stærri en 150 m <sup>2</sup> pr. íbúð	kr.	1.600.000 pr. íbúð
Raðhús stærri en 125 m <sup>2</sup> pr. íbúð	kr.	1.190.500 pr. íbúð
Fjölbýlishús stærri en 100 m <sup>2</sup> pr. íbúð	kr.	590.000 pr. íbúð

Hámarksgatnagerðargjald af öðrum lóðum skal taka mið af nýtingarmöguleika á lóð skv. því skipulagi, sem gildir við lóðarúthlutun.

Fyrir lagnakjallara, garðhús minni en 7,5 m<sup>2</sup> að flatarmáli og heimilisgróðurhús minni en 15 m<sup>2</sup> að flatarmáli skal ekki greiða gatnagerðargjald.

#### 4. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um allt að 25% eftir aðstæðum í götum eða hverfum.

Ákveði bæjarstjórn að hækka eða lækka gjaldskrá þessa vegna lóða í nýjum götum eða hverfum skal það liggja fyrir jafnhliða útgáfu byggingarskilmála fyrir lóðir í viðkomandi hverfi.

## 5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að leita tilboða í tilteknar lóðir m.a. þar sem ætlast er til að lóðarhafi annist gatnagerðarframkvæmdir að hluta eða bæjarstjórn hyggst kaupa hluta áformaðra framkvæmda lóðarhafa.

## 6. gr.

Skapist innan hverfa sérstakar aðstæður s.s. erfiðar lóðir í vinnslu, óhagstæð staðsetning eða annað sem valdið getur umtalsverðum auknum kostnaði við undirbúning byggingarframkvæmda getur bæjarstjórn/bæjarráð ákvarðað frávik gatnagerðargjalda, sbr. a. lið 4. gr.

*Breytingar húsnæðis.*

## 7. gr.

Af stækkun húsnæðis skal greiða gatnagerðargjald í samræmi við 3., 4. og 5. gr. samþykktar þessarar. Gjaldið skal þá miðað við stærðir eftir breytingu að frádregnu gjaldi miðað við stærðir fyrir breytingu.

*Áfangaskipti framkvæmda.*

## 8. gr.

Í þeim tilvikum að lóðarhafi hyggist byggja hús í áföngum, getur bæjarráð heimilað slíka áfangaskiptingu og þá skal gatnagerðargjald hverju sinni vera skv. gjaldskrá sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

Verði heimiluð áfangaskipti falla áætluð gjöld í gjalddaga í samræmi við samþykktu áfangaskiptingu eða samþykktir bæjarráðs.

*Stofngjald vatnsveitu.*

## 9. gr.

Stofngjald vatnsveitu skal vera kr. 285 fyrir hvern samþykktan fermetra húsnæðis eða 0,3% hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Semja þarf sérstaklega um stofngjald vatnsveitu á stöðum fjarri dreifikerfislögnum vatnsveitu, þ.e. yfir 50 m.

*Stofngjald holræsa.*

## 10. gr.

Stofngjald holræsa skal vera kr. 570 fyrir hvern samþykktan fermetra húsnæðis eða 0,6% hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Semja þarf sérstaklega um stofngjald holræsa á stöðum fjarri dreifikerfislögnum holræsa, þ.e. yfir 50 m.

*Byggingarleyfis- og þjónustugjöld.*

## 11. gr.

**Byggingarleyfisgjald:**

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða byggingarleyfisgjald fyrir útgáfu á byggingarleyfi sem bæjarstjórn hefur veitt.



Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er útgáfa byggingarleyfis, ein yfirferð aðaluppdráttu, útmæling fyrir greftri, útmæling og hæðarsetning fyrir uppslætti og útsetning lóðar, lög-bundið byggingareftirlit og úttektir, útgáfa fokheldisvottorðs og útgáfa lokaúttektarvottorðs. Byggingarleyfisgjald er ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Upphæð byggingarleyfisgjalds skal vera:

a) af íbúðarhúsnæði:

Einbýlishús	pr. lóð	70%	kr.	66.547
Parhús, tvíbýlishús	pr. íbúð	60%	kr.	57.040
Raðhús	pr. íbúð	50%	kr.	47.533
Fjölbýlishús	pr. íbúð	45%	kr.	42.780

b) af atvinnu- og þjónustuhúsum og stofnunum:

gólflötur allt að 500 m <sup>2</sup>	70%	kr.	66.547
gólflötur yfir 500 m <sup>2</sup>	100%	kr.	95.067

c) af öðrum húsum og hverskonar viðbyggingum, bílgeymslum, gripahúsum:

gólflötur allt að 20 m <sup>2</sup>	30%	kr.	28.520
gólflötur 20 – 100 m <sup>2</sup>	40%	kr.	38.027

Af viðbyggingum stærri en 100 m<sup>2</sup> greiðist fullt byggingarleyfisgjald sbr. liði a og b.

d) Annað:

af breytingum á útliti og innra skipulagi húsa án stækkunar	10%	kr.	9.507
---	-----	-----	-------

#### Þjónustugjöld tæknideildar:

Greiða skal eftirtalin þjónustu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir. Þjónustugjöld eru ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Upphæð þjónustugjalda skal vera:

Yfirferð séruppdráttu pr. stk.	1%	kr.	951
Hver endurskoðun aðaluppdráttu	5%	kr.	4.753
Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga	5%	kr.	4.753
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	10%	kr.	9.507
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	10%	kr.	9.507
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	10%	kr.	9.507
Fyrir grenndarkynningu, minniháttar	10%	kr.	9.507
Fyrir grenndarkynningu, umfangsmikil	30%	kr.	28.520
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	20%	kr.	19.013
Húsaleiguúttektir	5%	kr.	4.753
Útkall byggingarfulltrúa að óþörfu	5%	kr.	4.753
Stöðuleyfi	5%	kr.	4.753
Fyrir hverja auka útsetningu lóðar/húss; pr. mælingu	10%	kr.	9.507
Löggilding iðnmeistara	5%	kr.	4.753

Fyrir breytingar á samþykktu deiliskipulagi ber viðkomandi hagsmunaraðili allan kostnað af breytingunum, þó að undanskildum auglýsingarkostnaði. Ljósritun, A2, A3, A4 (skv. kostnaði).

*Greiðslu- og endurgreiðsluskilmálar og aðrir skilmálar:*

## 12. gr.

Gatnagerðar-, byggingarleyfisgjald og stofngjald vatnsveitu og holræsa samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða innan eins mánaðar frá samþykkt byggingarleyfis enda öðlast byggingarleyfið ekki gildi án greiðslu þessara gjalda.

Heimilt er að veita vaxtareiknaðan greiðslufrest á greiðslu hluta gatnagerðargjalds til allt að tveggja ára með mánaðarlegum afborgunum eða samkvæmt sérstakri samþykkt sem bæjarstjórn setur. Vextir skulu vera eins og innlendir millibankavextir, REIBOR, sem Seðlabanki Íslands gefur út.

## 13. gr.

Þjónustugjöld tæknideildar samkvæmt gjaldskrá þessari falla í gjalddaga við útgáfu reiknings fyrir veitta þjónustu.

## 14. gr.

Hafi byggingarleyfi fallið eða verið fellt úr gildi skal við endurnýjun þess greiða gatnagerðargjald skv. gildandi gjaldskrá fyrir þann hluta byggingarinnar sem ekki hefur verið greitt fyrir áður, enda hafi engin endurgreiðsla gatnagerðargjalds vegna hans farið fram.

## 15. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu endurgreidd ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð án þess að hefja framkvæmdir á lóðinni (sökklar steypfir) eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.

Endurgreiðslunni er heimilt að fresta þar til lóð hefur verið úthlutað að nýju en þó ekki lengur en í sex mánuði.

Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnveðri án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógiltar á sannanlegan hátt.

Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á byggingar- og skipulagskilmálum svo og úthlutunarskilmálum.

## 16. gr.

Ef lóðarhafi rífur hús/húshluta eða flytur hús af lóð og byggir annað hús á sömu lóð eða ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð, skal endurgreiða lóðarhafa það gatnagerðargjald sem áður var greitt vegna þessara mannvirkja. Endurgreiðslan skal vera í samræmi við gildandi gjaldskrá eins og hún er þegar endurgreiðslan er innt af hendi.

Lóðarhafi skal síðan greiða nýtt gatnagerðargjald af nýbyggingu á lóðinni samkvæmt gildandi gjaldskrá þegar nýtt byggingarleyfi er veitt.

## 17. gr.

Gatnagerðargjaldi samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár hennar.

## 18. gr.

Einingarverð samkvæmt gjaldskrá þessari breytast fyrsta janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhúss (1. desember 2004: 95.066,90 kr./m<sup>2</sup>, byggingarvísitala 304,8 stig) og skal þá miðað við byggingarkostnað í desember árið áður en breytt einingarverð taka gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.  
Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.*

19. gr.

Lög um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975 og samþykkt um gatnagerðargjöld í Hveragerðisbæ dags. 20. október 1993, gilda um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974 sem lokið er við fyrir 1. janúar 2007.

Ákvæði eldri laga um álagningu gjalda vegna slíkra framkvæmda gilda einungis um lóðir sem úthlutað hefur verið eða veitt hefur verið byggingarleyfi á fyrir 1. janúar 1997.

20. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 17. desember 2004, skv. lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut kunna að eiga að máli. Með samþykkt þessarar gjaldskrár falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir stofngjald vatnsveitu og byggingarleyfisgjöldum í Hveragerði.

*Samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis, 17. desember 2004.*

**Helga Kristjánsdóttir** bæjarstjóri.

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í færslu Krýsuvíkurvegar um 250 metra til vesturs og mislægum gatnamótum vegarins við Reykjanesbraut. Tenging Baughellu við Krýsuvíkurveg er felld út. Afmörkun opins svæðis til sérstakra nota norðan Reykjanesbrautar breytist vegna breyttrar legu Suðurbrautar sem framlengist til vesturs til samræmis við nýja staðsetningu mislægu gatnamótanna.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. desember 2004.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

# GJALDSKRÁ

## fyrir Húsavíkurhöfn.

### I. KAFLI Gildissvið.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Húsavíkurhöfn og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

### II. KAFLI Um hafnagjöld.

#### 2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

#### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

### Lestagjöld.

#### 4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 8,50 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

### Bryggjugjöld.

#### 5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,10 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 55,70 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 6.500 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 3.975 á mánuði. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

### Vörugjöld.

#### 6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

#### 7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

## 8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálftr vörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fulltr vörugjald í fyrstu lestunarhöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fulltr vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

## 9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3. flokk a) sbr. 12. gr.

## 10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþagnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

## 11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

## 12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 190 fyrir hvert tonn:  
Bensín, brennsluólfur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 367 fyrir hvert tonn:  
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 397 fyrir hvert tonn:
  - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsólfur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda
  - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, mynda- vélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.

- c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
4. fl.: Gjald 1,60%: Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 3.000 kr. fyrir hvert tonn. Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 109.

## 13. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olíuflutningaskipa sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum. Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olíuflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

- í athugasemdareitnum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og
- undir lið 5.2 í fylgiskjali, af gerð B, við alþjóðamengunarvarnarskráreinið (IOPP-skráreinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

**Vogargjöld.**

## 14. gr.

Vigtun landaðs sjávarafla, hvert byrjað tonn .....	kr.	115
Önnur vigtun, hvert byrjað tonn .....	kr.	150
Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun .....	kr.	450
Vigtun ökutækja, vagna og fl. ....	kr.	1.250

Á vigtun sem fram fer í samfelldri vinnulotu á tímabilinu kl. 17.00 – 08.00 á virkum dögum bætist við yfirvinna vigtarmanns sem deilist niður á notendur.

Útkallsvigtun ..... kr. 11.775

Ef vigtað er utan daglegs opnunartíma hafnarvogar greiðir sá sem vigtað er fyrir útkall skv. gjaldskrá. Sé vigtað fyrir fleiri í sama útkalli deilist kostnaður á notendur.

Skráningargjald (fyrir hvert byrjað tonn):

– 1 – 5.000 tonn .....	kr.	35
– yfir 5000 tonn .....	kr.	25

Gjaldið er innheimt af aðilum sem hafa heimavigtunarleyfi og skila upplýsingum um landaðan afla til hafnarvogar sem skrá þarf í Lóðsinn. Magntölur eru miðaðar við almanaksárið.

**Vatnsgjöld.**

15. gr.

Vatn afgreitt frá bryggju:	
– tengigjald í dagvinnu .....	kr. 450
– tengigjald í yfirvinnu .....	kr. 4.500
– vatnsgjald pr. tonn .....	kr. 190
– lágmarksgjald .....	kr. 1.900
Vatnsgjald heimabáta og skipa (fyrir hvern mánuð á sjó):	
– skemmtibátar að 10 BT .....	kr. 250
– bátar að 10 BT .....	kr. 1.000
– bátar 10-50 BT .....	kr. 1.500
– skip yfir 50 BT .....	kr. 2.000

**Sorpgjöld.**

16. gr.

Hver einstök losun:	
– lágmarksgjald .....	kr. 3.500
– hámarksgjald (ef gámur er fylltur) .....	kr. 10.500
Sorpgjald heimabáta og skipa (fyrir hvern mánuð á sjó):	
– skemmtibátar að 10 BT .....	kr. 300
– bátar að 10 BT .....	kr. 1.200
– bátar 10-50 BT .....	kr. 1.800
– skip yfir 50 BT .....	kr. 3.000

**Raforkusala.**

17. gr.

Rafmagnssala:	
– tengigjald í dagvinnu .....	kr. 450
– tengigjald í yfirvinnu .....	kr. 4.500
– rafmagnssala pr. kwst. ....	kr. 8,50

**Hafnsögugjöld.**

18. gr.

Gjald pr. BT .....	kr. 5
Fastagjald fyrir hvert skip .....	kr. 2.000

**Móttaka skipa.**

19. gr.

Festargjald pr. mann í dagvinnu .....	kr. 6.400
Festargjald pr. mann í yfirvinnu .....	kr. 11.775
Hafnsögugjald og festargjald greiðist bæði við komu og brottför skipa.	

**Leigugjöld.**

20. gr.

Hafnarbakkaleiga, pr. m <sup>2</sup> (mánaðargjald) .....	kr. 50
Leiga fyrir bát (mánaðargjald) .....	kr. 1.510
Leiga fyrir 20 feta gám (mánaðargjald) .....	kr. 1.510
Leiga fyrir 40 feta gám (mánaðargjald) .....	kr. 2.300

Gjald fyrir skammtímageymslu veiðarfæra og búnaðar á hafnarbökkum (frítt fyrstu fimm dagana) síðan pr. sólarhring kr. 3.500 nema um annað sé samið.

### Flotbryggjugjöld (mánaðargjöld).

21. gr.

Bátar að 10 BT .....	kr.	5.965
Bátar 10 – 30 BT .....	kr.	11.930
Bátar yfir 30 BT .....	kr.	23.860

Flotbryggjugjald greiða þeir sem hafa aðstöðu við flotbryggju og koma gjöldin í stað lestar- og bryggjugjalda skv. 4. og 5. gr. gjaldskrárinnar.

### Farþegagjöld.

22. gr.

Farþegagjald .....	kr.	35
--------------------	-----	----

Skipstjóri eða útgerðaraðili farþegaskips skal afhenda hafnaryfirvöldum upplýsingar um farþegafjölda til innheimtu gjaldsins. Heimilt er þeim sem stunda reglubundna farþegaflutninga að skila þeim upplýsingum mánaðarlega. Skal upplýsingum þá skilað eigi síðar en 5. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð.

### Hafnarverndargjald.

23. gr.

Komugjald vegna hafnarverndar (fyrir hverja komu) .....	kr.	18.000
Öryggisgæsla pr. öryggisvörð; í dagvinnu .....	kr.	2.500 pr. klst.
í næturvinnu .....	kr.	4.500 pr. klst.

## III. KAFLI

### Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

24. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

25. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

26. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í



annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnar-sjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskránum skips til tryggingar gjaldinu. Afla-gjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

27. gr.

Á öll verð skv. verðskrá þessari, nema leigugjöld skv. 20. gr., er lagður 24,5% virðis-  
aukaskattur sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

28. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með  
lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr.  
hafnalaga nr. 61/2003.

IV. KAFLI

**Gildistaka.**

29. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Húsavíkurhöfn er samþykkt af hafnarnefnd Húsavíurbæjar 19.  
október 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga  
að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Húsavíkurhöfn frá 1. júlí 2004.

*Húsavík, 15. desember 2004.*

Hafnarstjórinn á Húsavík,

**Reinhard Reynisson.**

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Fljótsdalshéraði.

*Athafna- og iðnaðarsvæði við Miðás og Brúnás á Egilsstöðum.*

Bæjarstjórn Austur-Héraðs samþykkti þann 15. október 2003 deiliskipulag fyrir athafna-  
og iðnaðarsvæði við Miðás og Brúnás á Egilsstöðum.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr.  
73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Egilsstöðum, 21. desember 2004.*

**Þórhallur Pálsson** skipulagsfulltrúi.

# REGLUGERÐ

## um tóbaksgjald og merkingar tóbaks.

### I. KAFLI

#### Almennt.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til þeirra aðila sem flytja inn og framleiða tóbak í atvinnuskyni, Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og vörsluhafa á ótollafgreiddu tóbaki og varðar álagningu tóbaksgjalds og eftirlit með merkingum tóbaks.

### II. KAFLI

#### Gjaldskylda, gjaldskyldir aðilar.

##### 2. gr.

##### *Gjaldskylda.*

Greiða skal til ríkissjóðs sérstakt gjald, tóbaksgjald, af tóbaki sem flutt er til landsins eða er framleitt hér á landi.

Tóbak telst samkvæmt reglugerð þessari vera sérhver vara sem flokkast í 24. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

##### 3. gr.

##### *Gjaldskyldir aðilar.*

Gjaldskyldir eru allir þeir sem selja tóbak í smásölu, sbr. 8. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

### III. KAFLI

#### Tilkynningarskylda.

##### 4. gr.

##### *Tilkynningarskylda innflytjanda og framleiðanda.*

Innflytjandi, sem flytur inn tóbak í atvinnuskyni, skal áður en innflutningur tóbaks hefst tilkynna atvinnurekstur sinn til tollstjórans í Reykjavík. Tollstjórinn skal úthluta innflytjanda einkvæmu tilvísunarnúmeri, sem honum ber að skrá í aðflutningsskýrslu þegar innflutningur tóbaks fer fram. Með skráningu tilvísunarnúmersins lýsir innflytjandi því yfir að innflutningur viðkomandi vörusendingar og ráðstöfun hennar eftir tollafgreiðslu sé og verði samkvæmt ákvæðum og skilyrðum reglugerðar þessarar.

Framleiðandi tóbaks skal áður en framleiðsla tóbaks hefst tilkynna um framleiðslu sína til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

### IV. KAFLI

#### Álagning og innheimta.

##### 5. gr.

##### *Álagning og innheimta tóbaksgjaldsins.*

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leggur á og innheimtir tóbaksgjald af tóbaki sem hefur verið flutt hingað til lands eða framleitt hér á landi.

Fjárhæð tóbaksgjaldsins fer eftir ákvæðum laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal greiða tollstjóranum í Reykjavík innheimt

tóbaksgjald eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils. Uppgjörstímabil tóbaksgjalds samkvæmt þessari grein er einn mánuður. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er fimmti dagur næsta mánaðar eftir lok þess. Greiðslunni skal fylgja skilagrein, staðfest af forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eða ábyrgum starfsmanni hans, með þeim upplýsingum, er tollstjóri telur fullnægjandi.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal tilkynna tollstjóranum í Reykjavík hverjir teljast vera ábyrgir starfsmenn í skilningi ákvæðisins með fullnægjandi hætti.

## V. KAFLI

### **Merkingar tóbaks.**

#### 6. gr.

#### *Um merkingar tóbaks.*

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal tryggja að allt tóbak sem flutt er til landsins eða framleitt hér á landi í atvinnuskyni og ætlað er til neyslu, hvort heldur er unnið eða óunnið, sé merkt. Um merkingar tóbaks fer eftir 6. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Ef merkingum tóbaks er ábótavant skal Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins merkja tóbakið gegn greiðslu hóflegs gjalds.

## VI. KAFLI

### **Geymsla og afhending tóbaks.**

#### 7. gr.

#### *Um geymslu á innfluttu tóbaki.*

Allt innflutt tóbak, sem ætlað er til aðvinnslu eða sölu innanlands, skal geymt í vörslu farmflytjanda, í tollvörugeymslu eða á frísvæði þar til Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins óskar eftir því til heildsöludreifingar.

#### 8. gr.

#### *Um afhendingu á tóbaki til heildsöludreifingar.*

Vörsluhöfum tóbaks samkvæmt 7. gr., er óheimilt að afhenda öðrum en starfsmönnum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins innflutt tóbak. Þá er vörsluhöfum tóbaks óheimilt að afhenda starfsmönnum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins innflutt tóbak fyrr en að fenginni afhendingarheimild tollstjóra.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal senda farmflytjendum og forstöðumönnum tollvörugeymslna og frísvæða skrá með nöfnum þeirra starfsmanna Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem hafa heimild til þess að veita tóbaki viðtöku, sbr. 1. mgr.

## VII. KAFLI

### **Eftirgjöf tóbaksgjalds.**

#### 9. gr.

#### *Undanþágur frá tóbaksgjaldi.*

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal ekki leggja tóbaksgjald á:

1. Tóbak sem selt er til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951 og tóbak sem selt er í tollfrjálsar forðageymslur, enda sé sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að mati Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að tóbakið hafi verið selt og flutt til rétt-hafa samkvæmt þessum tölulið. Tollstjórar skulu veita Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins upplýsingar um magn þess tóbaks sem selt er til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951 og í tollfrjálsar forðageymslur.
2. Tóbak sem selt er til aðila sem njóta skattfrelsis hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, enda hafi Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins borist beiðni

frá viðkomandi aðila, árituð af utanríkisráðuneytinu, um kaup á tilgreindu magni án greiðslu tóbaksgjalds.

VIII. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

10. gr.

*Stofn til virðisaukaskatts.*

Tóbaksgjald myndar stofn til virðisaukaskatts hvort sem tóbakið er flutt inn eða framleitt hér á landi.

11. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 12. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, öðlast gildi 17. janúar 2005.

*Fjármálaráðuneytinu, 30. desember 2004.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Elmar Hallgríms.*

## REGLUGERÐ

### um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

1. gr.

Með vísan til meginmáls EES-samningsins, II. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna reglugerða:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92, frá 23. júlí 1992, um inn- og útflutning hættulegra efna, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 468-473, (1994).
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94, frá 11. janúar 1994, um breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 50, 1. árgangur, 17. desember 1994, bls. 39-41.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3135/94, frá 15. desember 1994, um breytingu á I. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 45, 3. árgangur, 3. október 1996, bls. 60-62.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1492/96, frá 26. júlí 1996, um breytingu á II. og III. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 42, 5. árgangur, 15. október 1998, bls. 40-71.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1237/97, frá 27. júní 1997, um breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 30, 6. árgangur, 8. júlí 1999, bls. 100-126.
6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2247/98, frá 13. október 1998, um

- breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92, sem birt er í EES-  
viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 50, 7. árgangur, 9. nóvember 2000, bls. 34-74.
7. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 300/2002, frá 1. febrúar 2002, um  
breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92, sem birt er í EES-  
viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 57, 10. árgangur, 8. nóvember 2003, bls. 169-  
232.

2. gr.

Með brot gegn framantöldum reglugerðum skal farið samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988  
um eiturefni og hættuleg efni nema þyngrí refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Reglugerð þessi er birt samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og  
hættuleg efni, með síðari breytingum. og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr  
gildi auglýsing nr. 940/2000.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. desember 2004.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## REGLUR

### um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7500 ærgildum á árunum 2004-2007.

1. gr.

*Markmið o.fl.*

Ríkissjóður greiðir andvirði árlegra beingreiðslna af 7500 ærgildum sem keypt voru  
samkvæmt ákvæði 2.3 í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða dags. 11. mars 2000 í þeim  
tilgangi að styrkja svæði á landinu sem eru sérstaklega háð sauðfjárrækt og möguleikar á  
annarri tekjuöflun eru takmarkaðir. Grunnfjárhæð er miðuð við beingreiðslur í desember  
2001.

2. gr.

*Heildargreiðslur.*

Heimilt er að verja allt að 38,5 milljónum króna á ári 2004-2007 til greiðslna samkvæmt  
1. gr. Fjárhæðirnar skulu breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs miðað við  
grunnvísitölu í desember 2004, 239 stig.

3. gr.

*Sauðfjársvæði.*

Svæði sem eru háð sauðfjárrækt og með takmarkaða möguleika á annarri tekjuöflun  
samkvæmt 1. gr. hafa verið skilgreind samkvæmt forsendum í viðaukum I-II og eru eftirfar-  
andi sveitarfélög:

1. Dalasýsla.
  - a) Saurbæjarhreppur,
  - b) Dalabyggð.
2. Norður-Ísafjarðarsýsla.
  - a) Súðavíkurbhreppur.
3. Austur-Barðastrandarsýsla.
  - a) Reykhólahreppur.
4. Vestur-Barðastrandarsýsla.
  - a) Vesturbyggð.
5. Strandasýsla.
  - a) Árneshreppur.
  - b) Kaldrananeshreppur.
  - c) Hólmavíkurbhreppur.
  - d) Bæjarhreppur.
  - e) Broddaneshreppur.
6. Vestur-Húnavatnssýsla.
  - a) Húnaþing vestra.
7. Austur-Húnavatnssýsla.
  - a) Áshreppur.
  - b) Skagabyggð.
8. Norður-Þingeyjarsýsla.
  - a) Kelduneshreppur.
- b) Öxarfjarðarhreppur.
- c) Raufarhafnarhreppur.
- d) Svalbarðshreppur.
- e) Þórshafnarhreppur.
9. Norður-Múlasýsla.
  - a) Seyðisfjörður.
  - b) Skeggjastaðahreppur.
  - c) Vopnafjarðarhreppur.
  - d) Fljótsdalshreppur.
  - e) Fellahreppur.
  - f) Borgarfjarðarhreppur.
  - g) Norður-Hérað.
10. Suður-Múlasýsla.
  - a) Mjóafjarðarhreppur.
  - b) Fáskrúðsfjarðarhreppur.
  - c) Búðahreppur.
  - d) Stöðvarhreppur.
  - e) Breiðdalshreppur.
  - f) Djúpavogshreppur.
11. Vestur-Skaftafellssýsla.
  - a) Skaftárhreppur.

Þótt mælihlutföll og stigagjöf samkvæmt viðaukum I-II breytist svæðisbundið fyrir sýslu eða sveitarfélag hefur það ekki áhrif á áframhaldandi úthlutun greiðslna á tímabilinu 2004-2007.

#### 4. gr.

##### *Rétthafar greiðslna.*

Rétthafar greiðslna geta verið sauðfjárframleiðendur sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) áttu 200 ær eða meira samkvæmt forðagæsluskýrslum veturinn 2002-2003,
- b) eru búsettir á lögbýli á sauðfjársvæði samkvæmt 3. gr.

Sauðfjárframleiðendur í Árneshreppi teljast þó uppfylla skilyrði 1. mgr. ef þeir eiga 100 ær eða fleiri.

Sauðfjárframleiðandi getur því aðeins átt rétt til áframhaldandi greiðslna á gildistíma þessara reglna að fjárfjöldi fari ekki niður fyrir 75% af viðmiðunarmarki samkvæmt 1. mgr., 150 ær samkvæmt forðagæsluskýrslum staðfestum af búfjárefirtirlitsmanni og að hann hafi búsetu á lögbýli samkvæmt 1. mgr. Réttur til greiðslna er bundinn við það lögbýli sem hann stofnaðist á samkvæmt 1. mgr. Ef eigendaskipti verða að lögbýlinu öðlast nýr eigandi rétt til greiðslna enda uppfylli hann önnur skilyrði þessara reglna. Flytji rétthafi á annað lögbýli á sauðfjársvæði samkvæmt 3. gr. getur hann þó flutt með sér rétt til greiðslna enda sé slíkur réttur ekki fyrir á því lögbýli.

Ef sauðfjárframleiðandi selur greiðslumark sauðfjár að hluta eða öllu leyti sem fylgir lögbýli hans fellur niður réttur hans til greiðslna eftir þann tíma.

#### 5. gr.

##### *Fjárhæðir.*

Fjárhæðir samkvæmt 2. gr. skulu skiptast milli rétthafa á hverjum tíma, sbr. 4. gr. og taka breytingum miðað við breytingar á fjölda rétthafa og vísitölu neysluverðs, sbr. 2. gr.

Sauðfjárframleiðendur í Árneshreppi skulu fá greitt 50% álag á fjárhæð samkvæmt 1. mgr.

6. gr.

*Gjalddagar.*

Fjárhæðir samkvæmt 5. gr. skulu greiddar með einni árlegri greiðslu eigi síðar en 1. júní ár hvert. Ef ágreiningur rís um rétt til greiðslna skulu greiðslur fara fram eigi síðar en 30 dögum eftir að ákvörðun eða úrskurður um rétt til greiðslna liggur fyrir.

7. gr.

*Skráning réttaha.*

Ákvarðanir um réttaha greiðslna skulu byggðar á opinberum upplýsingum, m.a. upplýsingum úr forðagæsluskýrslum Bændasamtaka Íslands veturinn 2002-2003, greiðslu-marksskrá í vörslu Bændasamtaka Íslands, sbr. lög nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins og þjóðskrá Hagstofu Íslands.

8. gr.

*Tilkynningar.*

Bændasamtök Íslands skulu tilkynna öllum sauðfjárframleiðendum á sauðfjársvæðum samkvæmt 3. gr. um rétt til greiðslna samkvæmt 5. gr. fyrir 20. janúar 2005. Athugasemdir við tilkynningar skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands innan 30 daga frá dagsetningu þeirra. Bændasamtök Íslands skulu hafa svarað öllum athugasemdum um rétt til greiðslna eigi síðar en 31. mars 2005.

Einnig skulu Bændasamtök Íslands kynna fyrir sauðfjárframleiðendum úthlutunarreglur þessar og vekja athygli á rétti þeirra til athugasemda ef þeir telja sig uppfylla skilyrði fyrir framlögum en fá ekki tilkynningu samkvæmt 1. mgr.

9. gr.

*Uppgjör.*

Bændasamtök Íslands annast útreikning, skráningu og uppgjör greiðslna.

10. gr.

*Réttur til greiðslna fellur niður.*

Ef réttur til greiðslna fellur niður skulu Bændasamtök Íslands tilkynna sauðfjárframleiðanda það eigi síðar en 1. júní ár hvert. Athugasemdir skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar og skulu Bændasamtök Íslands hafa svarað athugasemdum eigi síðar en 15. ágúst ár hvert.

11. gr.

*Kæruheimild.*

Ágreining um rétt til greiðslna samkvæmt reglum þessum er heimilt að kæra til landbúnaðarráðuneytisins.

12. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 967/2003 um sama efni.

Reglur þessar eru settar með fyrirvara um að fjármunir og heimild til greiðslna samkvæmt 1.-2. gr. verði samþykkt af Alþingi í fjárlögum fyrir árin 2005-2007. Ef Alþingi samþykkir ekki að veita fjármunum til greiðslna samkvæmt 1.-2. gr. fellur niður réttur til

greiðslna samkvæmt reglum þessum sem falla þá úr gildi um leið. Mun landbúnaðarráðherra þá þegar birta tilkynningu þess efnis í B-deild Stjórnartíðinda.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 21. desember 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

### VIÐAUKI I Skilgreining svæða.

Við skilgreiningu svæða er m.a. byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands og er miðað við búsetu 1. október 2001 og staðgreiðslu í þeim mánuði. Landbúnaður er skilgreindur sem deildir 01 og 02 (ÍSAT-95) og sauðfjárrækt er skilgreind sem grein 01221, þ.e. blandaður búskapur telst ekki með. Taldar voru einstakar kennitölur í viðmiðunarmánuði.

Grunngögnin eru bráðabirgðaupplýsingar frá Hagstofu Íslands um svæðabundna atvinnuskiptingu en einungis á eftir að gera á þeim minniháttar leiðréttingar.

Við skilgreiningu svæða voru notaðir eftirfarandi 3 mælikvarðar:

- vægi landbúnaðar á viðkomandi svæði
- hlutfall sauðfjárræktar í landbúnaði
- hlutfall sauðfjárræktar af heild.

Eftirfarandi tafla sýnir stigagjöf einstakra mælikvarða.

<i>Hlutfall landbúnaðar</i>	<i>Stig</i>	<i>Hlutfall sauðfjárræktar af landbúnaði</i>	<i>Stig</i>	<i>Hlutfall sauðfjárræktar af heild</i>	<i>Stig</i>
< 30%	0	< 25%	0	< 25%	0
30 – 39,9%	0,5	25 – 29,9%	0,5	25 – 29,9%	1
40 – 49,9%	0,75	30 – 34,9%	1	30 – 34,9%	2
50 – 59,9%	1	35 – 39,9%	1,5	35 – 39,9%	3
=> 60%	1,25	40 – 44,9%	2	=> 40%	4
		45 – 49,9%	2,5		
		50 – 54,9%	3		
		=> 55%	3,5		

- Miðað er við sýslur og að meðalskor allra sveitarfélaga í sýslu sé 1,5 eða herra.
  - Ef meðalskor sýslunnar er => 3,0 teljast öll sveitarfélög sýslunnar styrkhæf.
  - Ef meðalskor sýslunnar er á bilinu => 1,5 - < 3,0 teljast þau sveitarfélög sem ná skori => 3,0 styrkhæf.

Sú undantekning er gerð að til styrkhæfra svæða teljast jafnframt Súðavíkurreppur og Vesturbyggð. Forsenda þessa er sú að byggðin (utan þéttbýlisstaða) er afar dreifbýl og um er að ræða sérstaklega miklar vegalengdir og erfiðar til þjónustukjarna. Atvinnusókn til þéttbýlisins er því ekki valkostur í sama mæli og annars staðar á landinu.



VÍÐAUKI II

Stigagjöf einstakra svæða.

Sveitar- félagsnr.	Sveitarfélag	Heildarfjöldi	Landbúnaður	Sauðfjárrekt	Landb. % af heild	Sauðfjár. % af landb.	Sauðfjárrekt % af heild	Stigun 1 hlutfall landb. af heild	Stigun 2 hlutfall sauðfjár. af landb.	Stigun 3 hlutfall sauðfjár. af heild	Samtals stig	Skilyrði upptítt
<b>Gullbringu- og Kjósarsýsla</b>												
0000	Reykjavík	58.092	266	5	0,5%	1,9%	0,0%	0	0	0	0	0
1000	Kópavogur	12.993	62	2	0,5%	3,2%	0,0%	0	0	0	0	0
1100	Seljavarnes	2.504	7	1	0,3%	14,3%	0,0%	0	0	0	0	0
1300	Garðabær	4.635	18	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	0
1400	Hafnarfjörður	10.645	38	2	0,4%	5,3%	0,0%	0	0	0	0	0
1603	Bessastabúhreppur	910	4	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	0
1604	Mosfellbær	3.394	69	1	2,0%	1,4%	0,0%	0	0	0	0	0
1606	Kjósarhreppur	78	32	6	41,0%	18,8%	7,7%	0,75	0	0	0,75	0
2000	Reykjanesbær	5.854	36	0	0,6%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	0
2300	Grindavík	1.251	4	0	0,3%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	0
2503	Sandgerði	744	3	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	0
2504	Gerðahreppur	649	1	0	0,2%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	0
2506	Vatnsleysustrandahreppur	422	18	0	4,3%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	0
		<b>102.171</b>	<b>558</b>	<b>17</b>	<b>0,5%</b>	<b>3,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>
<b>Borgarfjarðarsýsla</b>												
3501	Hvalfjarðarstrandarhr.	85	18	5	21,2%	27,8%	5,9%	0	0,5	0	0,5	0
3502	Skilmannahreppur	74	8	3	10,8%	37,5%	4,1%	0	1,5	0	1,5	0
3503	Imri-Akraneshreppur	74	15	3	20,3%	20,0%	4,1%	0	0	0	0	0
3504	Leirár- og Meláahreppur	65	16	6	24,6%	37,5%	9,2%	0	1,5	0	1,5	0
3506	Skorradalshreppur	30	7	2	23,3%	28,6%	6,7%	0	0,5	0	0,5	0
3510	Borgarfjarðarsveit	344	106	27	30,8%	25,5%	7,8%	0,5	0,5	0	1	0
		<b>672</b>	<b>170</b>	<b>46</b>	<b>25,3%</b>	<b>27,1%</b>	<b>6,8%</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>Nei</b>
<b>Mýrasýsla</b>												
3601	Hvítársúðhreppur	24	14	6	58,3%	42,9%	25,0%	1	2	1	4	0
3609	Borgarbyggð	1.373	127	34	9,2%	26,8%	2,5%	0	0,5	0	0,5	0
		<b>1.397</b>	<b>141</b>	<b>40</b>	<b>10,1%</b>	<b>28,4%</b>	<b>2,9%</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>Nei</b>
<b>Snefellsnes- og Hnappadalssýsla</b>												
3701	Kolbeinsstúðahreppur	48	31	10	64,6%	32,3%	20,8%	1,25	1	0	2,25	0
3709	Eyrarsveit	524	13	5	2,5%	38,5%	1,0%	0	1,5	0	1,5	0
3710	Heigafellssveit	34	11	6	32,4%	54,5%	17,6%	0,5	3	0	3,5	0
3711	Stykkishólmur	687	5	3	0,7%	60,0%	0,4%	0,75	3,5	0	0,75	0
3713	Eyja- og Miklahólshreppur	62	30	6	48,4%	20,0%	9,7%	0	0	0	0	0
3714	Snefellsbær	974	25	8	2,6%	32,0%	0,8%	0	1	0	1	0
		<b>2.329</b>	<b>115</b>	<b>38</b>	<b>4,9%</b>	<b>33,0%</b>	<b>1,6%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>Nei</b>
<b>Dalssýsla</b>												
3809	Saubæjarhreppur	42	22	12	52,4%	54,5%	28,6%	1	3	1	5	0
3811	Dalabyggð	359	92	74	25,6%	80,4%	20,6%	0	3,5	0	3,5	0
		<b>401</b>	<b>114</b>	<b>86</b>	<b>28,4%</b>	<b>75,4%</b>	<b>21,4%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>
<b>Norður Ísafjarðarsýsla</b>												
4100	Bólungarvík	596	7	2	1,2%	28,6%	0,3%	0	0,5	0	0,5	0
4200	Ísafjarðarbær	2.423	63	21	2,6%	33,3%	0,9%	0	1	0	1	0
4803	Söbavíkurhreppur	125	12	5	9,6%	41,7%	4,0%	0	2	0	2	0
		<b>3.144</b>	<b>82</b>	<b>28</b>	<b>2,6%</b>	<b>34,1%</b>	<b>0,9%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>Nei</b>
<b>Austur Barðastrandarsýsla</b>												
4502	Reykholahreppur	162	38	22	23,5%	57,9%	13,6%	0	3,5	0	3,5	0
		<b>162</b>	<b>38</b>	<b>22</b>	<b>23,5%</b>	<b>57,9%</b>	<b>13,6%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>

Sveitar- félagsn.	Sveitarfélag	Heildarföldi	Landbunadur	Sauðfjærkt	Landb. % af heild	Sauðfjær. % af landb.	Sauðfjærkt % af heild	Stigun 1 hirtfall landb. af heild	Stigun 2 hirtfall sauðfjær. af landb.	Stigun 3 hirtfall sauðfjær. af heild	Samtals stig	Skilyrði uppsýlt
<b>Vestur Barbastrandarsýsla</b>												
4604	Tálknafljaráhræppur	210	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	0
4607	Vesturbýggð	615	32	8	5,2%	25,0%	1,3%	0	0,5	0	0,5	Nei
		<b>825</b>	<b>32</b>	<b>8</b>	<b>3,9%</b>	<b>25,0%</b>	<b>1,0%</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	
<b>Strandasýsla</b>												
4901	Arneshreppur	34	14	14	41,2%	100,0%	41,2%	0,75	3,5	4	8,25	
4902	Kaldranasvinnhreppur	79	6	5	7,6%	83,3%	6,3%	0	3,5	0	3,5	
4904	Hölmavíkurbreppur	262	26	25	9,9%	96,2%	9,5%	0	3,5	0	3,5	
4908	Begjarhreppur	72	25	20	34,7%	80,0%	27,8%	0,5	3,5	1	5	
4909	Brodanshreppur	44	17	15	38,6%	88,2%	34,1%	0,5	3,5	2	6	
		<b>491</b>	<b>88</b>	<b>79</b>	<b>17,9%</b>	<b>89,8%</b>	<b>16,1%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	Já
<b>Vestur Húnavatnsýsla</b>												
5508	Húnaþing vestra	680	144	83	21,2%	57,6%	12,2%	0	3,5	0	3,5	Já
		<b>680</b>	<b>144</b>	<b>83</b>	<b>21,2%</b>	<b>57,6%</b>	<b>12,2%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	
<b>Austur Húnavatnsýsla</b>												
5601	Ásahreppur	35	16	12	45,7%	75,0%	34,3%	0,75	3,5	2	6,25	Já
5602	Sveinsskáðahreppur	48	22	3	45,8%	13,6%	6,3%	0,75	0	0	0,75	
5603	Torflakjarhreppur	57	17	7	29,8%	41,2%	12,3%	0	2	0	2	
5604	Blönduós	529	24	6	4,5%	25,0%	1,1%	0	0,5	0	0,5	
5605	Svínavatnsbreppur	65	29	8	44,6%	27,6%	12,3%	0,75	0,5	0	1,25	
5606	Bolsaðarhlíðahreppur	52	23	8	44,2%	34,8%	15,4%	0,75	1	0	1,75	
5609	Höfðahreppur	312	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
5611	Skagaþýggð	56	29	14	51,8%	48,3%	25,0%	1	2,5	1	4,5	Já
		<b>1.154</b>	<b>160</b>	<b>58</b>	<b>13,9%</b>	<b>36,3%</b>	<b>5,0%</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	Að hluta
<b>Skagafljarsýsla</b>												
5000	Sigtlöfjörður	788	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
5200	Sveitarfélagð Skagafljörður	2.290	243	89	10,6%	36,6%	3,9%	0	1,5	0	1,5	
5706	Akrahreppur	106	53	9	50,0%	17,0%	8,5%	1	0	0	1	Nei
		<b>3.184</b>	<b>296</b>	<b>98</b>	<b>9,3%</b>	<b>33,1%</b>	<b>3,1%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	
<b>Eyjafjarðarsýsla</b>												
6000	Akureyri	8.304	45	1	0,5%	2,2%	0,0%	0	0	0	0	
6200	Ólafsfjörður	528	3	1	0,6%	33,3%	0,2%	0	1	0	1	
6400	Dalvíkurþýggð	986	89	9	9,0%	10,1%	0,9%	0	0	0	0	
6501	Grimseyjarhreppur	55	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6504	Hríseyjarhreppur	104	1	0	1,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6506	Armaneshreppur	103	18	1	17,5%	5,6%	1,0%	0	0	0	0	
6513	Eyjafjarðarsveit	532	167	11	31,4%	6,6%	2,1%	0,5	0	0	0,5	
6514	Hogarþýggð	228	91	12	39,9%	13,2%	5,3%	0,5	0	0	0,5	
		<b>10.840</b>	<b>414</b>	<b>35</b>	<b>3,8%</b>	<b>8,5%</b>	<b>0,3%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	Nei
<b>Suður Þingeyjarsýsla</b>												
6601	Svalbarðstrandarhreppur	200	29	4	14,5%	13,8%	2,0%	0	0	0	0	
6602	Gryubbakkahreppur	235	36	9	15,3%	25,0%	3,8%	0	0,5	0	0,5	
6100	Húsavík	1.371	30	5	2,2%	16,7%	0,4%	0	0	0	0	
6612	Þingeyjarsveit	408	160	37	39,2%	23,1%	9,1%	0,5	0	0	0,5	
6607	Skútasáðahreppur	240	30	11	12,5%	36,7%	4,6%	0	1,5	0	1,5	
6609	Ábaldalhreppur	156	43	9	27,6%	20,9%	5,8%	0	0	0	0	
6611	Þjörnshreppur	35	15	7	42,9%	46,7%	20,0%	0,75	2,5	0	3,25	Nei
		<b>2.645</b>	<b>343</b>	<b>82</b>	<b>13,0%</b>	<b>23,9%</b>	<b>3,1%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	

Sveitar- félagsn.	Sveitarfélag	Heildarvöldi	Landbúnaður	Snaufjárrekt	Landb. % af heild	Snaufjár. % af landb.	Snaufjárrekt % af heild	Stigun 1 hlutfall landb. af heild	Stigun 2 hlutfall snaufjár. af landb.	Stigun 3 hlutfall snaufjár. af heild	Samtals stig	Skilyrði uppfyllt
<b>Norður Þingeyjarsýsla</b>												
6701	Keldnesshreppur	48	17	11	35,4%	64,7%	22,9%	0,5	3,5	0	4	
6702	Óxarfjarðarhreppur	204	49	43	24,0%	87,8%	21,1%	0	3,5	0	3,5	
6705	Raufarhafnarhreppur	168	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6706	Svalbarðshreppur	63	24	22	38,1%	91,7%	34,9%	0,5	3,5	2	6	
6707	Þorshafnarhreppur	236	9	8	3,8%	88,9%	3,4%	0	3,5	0	3,5	Já
		<b>719</b>	<b>99</b>	<b>84</b>	<b>13,8%</b>	<b>84,8%</b>	<b>11,7%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	
<b>Norður Múlasýsla</b>												
7000	Seyðisfjörður	461	6	2	1,3%	33,3%	0,4%	0	1	0	1	
7501	Steggjastöðahreppur	89	5	5	5,6%	100,0%	5,6%	0	3,5	0	3,5	
7502	Vopnafjarðarhreppur	425	45	22	10,6%	48,9%	5,2%	0	2,5	0	2,5	
7505	Fjötsdalshreppur	41	22	16	53,7%	72,7%	39,0%	1	3,5	3	7,5	
7506	Fellahreppur	255	23	12	9,0%	52,2%	4,7%	0	3	0	3	
7509	Borgarfjarðarhreppur	89	12	10	13,5%	83,3%	11,2%	0	3,5	0	3,5	
7512	Norður-Hérað	190	67	54	35,3%	80,6%	28,4%	0,5	3,5	1	5	
		<b>1.550</b>	<b>180</b>	<b>121</b>	<b>11,6%</b>	<b>67,2%</b>	<b>7,8%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	Já
<b>Souður Múlasýsla</b>												
7300	Fjarðabyggð	1.687	18	7	1,1%	38,9%	0,4%	0	1,5	0	1,5	
7605	Mjóafjarðarhreppur	17	2	2	11,8%	100,0%	11,8%	0	3,5	0	3,5	Já
7610	Faskriðsfjarðarhreppur	34	12	11	35,3%	91,7%	32,4%	0,5	3,5	2	6	Já
7611	Búðahreppur	333	1	1	0,3%	100,0%	0,3%	0	3,5	0	3,5	Já
7612	Stöðvarhreppur	144	5	3	3,5%	60,0%	2,1%	0	3,5	0	3,5	Já
7613	Breiðdalshreppur	145	24	17	16,6%	70,8%	11,7%	0	3,5	0	3,5	Já
7617	Þjúpavogshreppur	279	32	20	11,5%	62,5%	7,2%	0	3,5	0	3,5	Já
7618	Austur-Hérað	1.134	106	24	9,3%	21,6%	2,1%	0	0	0	0	
		<b>3.773</b>	<b>200</b>	<b>85</b>	<b>5,3%</b>	<b>42,5%</b>	<b>2,3%</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	Ao hluta
<b>Austur-Skaftafellssýsla</b>												
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	1.285	104	45	8,1%	43,3%	3,5%	0	2	0	2	
		<b>1.285</b>	<b>104</b>	<b>45</b>	<b>8,1%</b>	<b>43,3%</b>	<b>3,5%</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	Ao hluta
<b>Vestur-Skaftafellssýsla</b>												
8508	Mýrdalshreppur	288	46	7	16,0%	15,2%	2,4%	0	0	0	0	
8509	Skaftárhreppur	283	98	50	34,6%	51,0%	17,7%	0,5	3	0	3,5	Já
		<b>571</b>	<b>144</b>	<b>57</b>	<b>25,2%</b>	<b>39,6%</b>	<b>10,0%</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	Ao hluta
<b>Rangárvallasýsla</b>												
8610	Ásahreppur	79	40	4	50,6%	10,0%	5,1%	1	0	0	1	
8613	Rangárfjngið vestra	859	191	18	22,2%	9,4%	0,0%	0	0	0	0	
8614	Rangárfjngið ytra	767	191	18	24,9%	9,4%	2,3%	0	0	0	0	
		<b>1.705</b>	<b>422</b>	<b>40</b>	<b>24,8%</b>	<b>9,5%</b>	<b>2,3%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	Nei
<b>Árnessýsla</b>												
8000	Vestmannaeyjar	2.538	2	0	0,1%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
8200	Sveitarfélagið Árborg	3.215	40	1	1,2%	2,5%	0,0%	0	0	0	0	
8701	Gaulverjabjarhreppur	73	38	1	52,1%	3,1%	1,4%	1	0	0	1	
8706	Hraungróshreppur	88	32	1	36,4%	3,1%	1,1%	0,5	0	0	0,5	
8707	Villinganúshreppur	91	33	2	36,3%	6,1%	2,2%	0,5	0	0	0,5	
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	266	103	7	38,7%	6,8%	2,6%	0	0	0	0	
8710	Hrunamannahreppur	369	150	9	40,7%	6,0%	2,4%	0,75	0	0	0,75	
8721	Bliskóabyggð	461	121	12	26,2%	9,9%	2,6%	0	0	0	0	
8716	Hveragerði	910	59	0	6,5%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
8717	Sveitarfélagið Ölfus	920	37	5	4,0%	13,5%	0,5%	0	0	0	0	
8719	Grimnes- og Grafingshreppur	202	51	16	25,2%	31,4%	7,9%	0	1	0	1	
		<b>9.133</b>	<b>666</b>	<b>54</b>	<b>7,3%</b>	<b>8,1%</b>	<b>0,6%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	Nei

# SAMÞYKKT

## um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík.

### 1. gr.

#### *Almenn ákvæði.*

Meðhöndlun úrgangs í Reykjavík skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur sér um söfnun á blönduðum heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum í Reykjavík og hefur umsjón með rekstri grenndarstöðva fyrir flokkaðan heimilisúrgang.

Rekstraraðilar sem úrgangur fellur til hjá skulu sjálfir sjá um söfnun og meðferð á þeim úrgangi.

SORPA bs. annast rekstur endurvinnslustöðva í Reykjavík til móttöku á flokkuðum úrgangi.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs í Reykjavík skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og að farið sé að samþykkt þessari.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum eða gangstéttum. Sama á við um númerslausar bifreiðar, bílflök, vélar og sambærilega hluti.

### 2. gr.

#### *Söfnun á blönduðum heimilisúrgangi.*

Sorpflát fyrir blandaðan heimilisúrgang skal losa að jafnaði vikulega. Húsráðendur sérbýlishúsa þar sem sorptunnur eru ekki samnýttar geta þó óskað losunar á að jafnaði 14 daga fresti. Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur getur þó, ef aðstæður leyfa, heimilað losun sorpfláta á að jafnaði 14 daga fresti við önnur hús en sérbýlishús.

Sérhverjum húsráðanda íbúðarhúsnæðis er skylt að nota þau flát og þær aðferðir sem heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ákveður.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur útvegar sorpflát til notkunar við íbúðarhúsnæði, yfirleitt 240 l plastflát. Þar sem stærri flát henta við fjölbýlishús getur Umhverfis- og heilbrigðisstofa ákveðið notkun þeirra.

Húsráðandi, hússtjórn fjölbýlishúsa eða meirihluti eigenda í fjöleignarhúsum geta beðið um að flátum sé fjölgað eða fækkað og greiðir þá viðkomandi fyrir flutning fláta samkvæmt reikningi. Fjöldi fláta skal ekki vera svo takmarkaður að þau yfirfyllist. Að lágmarki skal vera eitt flát við hvert íbúðarhús.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpflátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim og flytja. Tilfallandi umframsorp sem ekki rúmast í sorpfláti skal losa í sér merktu poka sem bera sorphirðugjald eða á endurvinnslustöðvar SORPU bs. Umhverfis- og heilbrigðisstofa skal sjá til þess að sorppokar sem bera sorphirðugjald séu seldir á aðgengilegum stöðum.

Í dreifbýli er Umhverfis- og heilbrigðisstofu heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að setja upp sorpflát í alfaraleið í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Staðsetning sorpfláts skal vera þannig að aðgengi að því sé gott. Í flátin má eingöngu setja heimilisúrgang.

Ganga skal þannig frá úrgangi að ekki stafi af honum hætta fyrir sorphreinsunarmenn, t.d. pakka inn glerbrotum og hvössum málmhlutum.

## 3. gr.

*Flokkun úrgangs.*

Úrgang skal flokka og endurnota eða endurnýta eins og kostur er.

Óheimilt er að setja garðaúrgang, múrbrot, jarðefni eða grjót í sorpílát og poka fyrir blandaðan heimilisúrgang. Garðaúrgang skal jarðgera eða skila á móttöku-/endurvinnslustöð SORPU bs. Jarðefnum, grjóti og múrbroti skal skilað á móttöku-/endurvinnslustöð SORPU bs. eða á aðra móttökustaði fyrir óvirkan úrgang sem hafa til þess starfsleyfi.

Óheimilt er að setja spilliefni, lyf eða annan hættulegan úrgang í sorpílát og poka fyrir blandaðan heimilisúrgang. Úrgangnum skal skilað á endurvinnslustöðvar SORPU bs. eða til söfnunar-/móttökuaðila sem hefur starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni.

Timbur, brotamálm og annan grófan úrgang er óheimilt að setja í sorpílát og poka fyrir blandaðan heimilisúrgang. Úrgangnum skal skila á endurvinnslustöðvar SORPU bs. eða brotamálmsfyrirtæki sem hafa starfsleyfi til móttöku á brotamálmi.

## 4. gr.

*Sorpgeymslur.*

Ganga skal þannig frá sorpílátum og sorpgeymslum að þær valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þær hreinsaðar reglulega. Sorpgeymslur má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

Sorpgeymslur skulu vera á jarðhæð og standa sem næst aðkomu að lóð. Halda skal greiðfærri leið að sorpgeymslum og sorpílátum og hreinsa burt snjó á vetrum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að sorpílátum til losunar.

Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

## 5. gr.

*Grenndarstöðvar.*

Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur rekur kerfi grenndarstöðva fyrir flokkaðan úrgang.

Á grenndarstöðvum skal tekið á móti flokkuðum úrgangi til endurnýtingar. Stöðvarnar skulu staðsettar á áberandi stöðum þar sem aðgengi er gott. Grenndargámar skulu vera aðgengilegir öllum borgarbum. Þéttleiki grenndarstöðva skal vera þannig að að jafnaði verði ekki meira en 1 km fyrir íbúa að grenndarstöð.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ákveður hvaða flokkum úrgangs skal tekið við á grenndarstöðvum að fenginni tillögu Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur.

Óheimilt er að losa annan úrgang á grenndarstöð en þá flokka úrgangs sem tilgreindir eru með merkingum á hverri grenndarstöð.

## 6. gr.

*Endurvinnslustöðvar.*

SORPA bs. sér um rekstur endurvinnslustöðva í Reykjavík. Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur sér um samskipti við SORPU bs. um rekstur endurvinnslustöðvanna.

## 7. gr.

*Gjaldtaka.*

Fyrir söfnun á blönduðum heimilisúrgangi skulu innheimt gjöld sem sett eru og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæði 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Gjöldin skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er.

Gjöld fyrir söfnun á blönduðum heimilisúrgangi innheimtist með fasteignagjöldum með sömu gjalddögum.

Sorphirðugjald fyrir blandaðan heimilisúrgang miðast við fjölda og stærð sorpláta og hreinsunartíðni. Sé þessu breytt breytist gjaldið miðað við hluta úr ári reiknað í vikum. Umhverfis- og heilbrigðisstofa annast skráningu íláta og skiptingu gjalds á eigendur.

Í fjöleignarhúsum er sorphirðugjöldum skipt eftir hlutfallstölum eigenda í viðkomandi sameign sbr. 43. og 45. gr. laga um fjöleignarhús. Útreikningur hlutfallstölu skal byggður á flatarmáli eignarhluta hvers eiganda.

Til tryggingar á greiðslu samkvæmt gjaldskrá í 1. mgr. er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

8. gr.

*Refsiviðurlög.*

Með brot á samþykkt þessari skal farið skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

9. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi er samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur og staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 5. mgr., 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Samþykktin tekur gildi þann 1. janúar 2005. Um leið fellur úr gildi samþykkt og gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík nr. 765/1998.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. desember 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Hammersminni á Djúpavogi.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti 29. september 2004 deiliskipulag fyrir hluta af götunni Hammersminni á Djúpavogi.

Deiliskipulagið nær yfir lóð fyrir nýjan leikskóla sunnan við Dvalarheimilið Helgafell, ásamt útivistaraðstöðu fyrir hann, aðkomuveg að leikskóla, ásamt veltengingu að götunni Hammersminni. Einnig sýnir skipulagið lóðir heilsugæslustöðvarinnar og Dvalarheimilisins Helgafells.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Djúpavogi, 27. desember 2004.*

**Bj. Hafþór Guðmundsson,** sveitarstjóri Djúpavogshrepps.

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Austurbyggð.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Austurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald

7.900 kr. á hvert sorpílát.

Sorpeyðingargjald

6.800 kr. á hvert sorpílát.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Austurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2005. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1009/2003.

*Fáskrúðsfirði 30. desember 2004.*

E.h. Austurbyggðar,

**Steinþór Pétursson** sveitarstjóri.

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Húsavíkurbæ árið 2005.

#### 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurbæ, sbr. 2. gr. c-staflið samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 10.582 á árinu 2005.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

#### 2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 4.508 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 9.018, ef til handsömunar kemur aftur.

#### 3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Húsavík, nr. 567 frá 21. nóvember 1991 og gildir fyrir árið 2005.

*Húsavíkurbæ, 15. desember 2004.*

**Vigfús Sigurðsson** deildarteknifræðingur.

## GJALDSKRÁ

### fyrir losun á seyru úr rotþróum í Húsavíkurbæ.

#### 1. gr.

Árlegt gjald vegna losunar á seyru skal vera eftirfarandi:

- a) Rotþró allt að 1800 lítra kr. 3.732
- b) Rotþró allt að 3500 lítra kr. 4.668
- c) Rotþró allt að 6000 lítra kr. 6.185
- d) Rotþró allt að 9000 lítra kr. 6.461

Þar sem fleiri en eitt hús eru um hverja rotþró skal skipta gjaldinu jafnt á milli þeirra.

#### 2. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

#### 3. gr.

Ofangreind gjaldskrá samanber samþykkt bæjarráðs frá 9. desember 2004 og staðfestingu bæjarstjórnar 14. desember 2004 er sett skv. samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Reykjahreppi nr. 924/2000. Samþykktin gildir fyrir sameinað sveitarfélag, Húsavíkurbæ og öðlast þegar gildi.

*Húsavík, 15. desember 2004.*

**Vigfús Sigurðsson** deildartæknifræðingur.

## GJALDSKRÁ

### um sorphreinsun í Skaftárhreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur á árlegt sorphreinsunargjald (sorphyrdu- og sorpeyðingargjald) í Skaftárhreppi og er það innheimt með fasteignagjöldum, samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 342/2004.

#### 2. gr.

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri.

Til lögbýla teljast búhlutar jarða í ábúð þar sem stundaður er hefðbundinn landbúnaður í atvinnuskyni.

Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur.

Frístundahús eru sumarbústaðir og fasteignir aðrar sem notaðar eru í sambærilegum tilgangi.

#### 3. gr.

Árlegt sorphreinsunargjald er sem hér segir:

- a. Íbúðir ..... kr. 12.600



b. Lögbýli		
Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:		
Flokkur b1 .....	kr.	9.450
Flokkur b2 .....	kr.	18.900
c. Fyrirtæki		
Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:		
Flokkur c1 .....	kr.	12.600
Flokkur c2 .....	kr.	37.800
Flokkur c3 .....	kr.	75.600
Flokkur c4 .....	kr.	151.200
d. Frístundahús, sorpeyðingargjald .....	kr.	3.150

Sveitarstjórn skipar lögbýlum og fyrirtækjum í flokka samkvæmt b og c. Við flokkun er miðað við umfang starfsemi og áætlað magn úrgangs. Sorphirða fer ekki fram á vegum sveitarfélagsins við frístundahús.

#### 4. gr.

Auk árlegs sorphreinsunargjalds leggur sveitarstjórn á sorpeyðingargjald vegna leyfis-skyldra framkvæmda í Skaftárhreppi. Gjaldið er lagt á hverja framkvæmd skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

a. Nýbyggingar .....	kr./m <sup>3</sup>	26
b. Viðhald og endurbætur		
Flokkur b1 .....	kr.	5.250
Flokkur b2 .....	kr.	15.750
Flokkur b3 .....	kr.	52.500
c. Rif á mannvirkjum .....	kr./m <sup>3</sup>	26

Áður en leyfi er veitt skv. a. og c. skal áætla magn úrgangs sem til fellur og sorpeyðingargjald skal greitt skv. þeirri áætlun. Sveitarstjórn skipar framkvæmdum í flokka skv. b. Við flokkun er miðað við umfang framkvæmdar og áætlað magn úrgangs.

#### 5. gr.

Eigendur lögbýla og fyrirtækja og framkvæmdaraðilar geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt b og c lið 3. gr. og b lið 4. gr. og skal beiðni þar um vera skrifleg. Sveitarstjórn er heimilt að endurákværða flokkun ef ástæða þykir til. Allar fjárhæðir skv. 3. og 4. gr. taka breytingum árlega skv. vísitölu neysluverðs. Grunnvísitala er vístala neysluverðs í nóvember 2004, 237,9 stig.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps, samkvæmt 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

*Kirkjubæjarklaustri, 14. desember 2004.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Gunnsteinn R. Ómarsson** sveitarstjóri.

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Kærleikssjóð Sogns.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Kærleikssjóður Sogns. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Kristínu Kjartansdóttur. Kristín lést á voveiflegan hátt í maí 1947 tæplega tveggja ára gömul. Hún var dóttir Rósu Aðalheiðar Georgsdóttur.

Sjóðurinn er stofnaður af Rósu Aðalheiði Georgsdóttur.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsemi réttargeðdeildarinnar, sem nú er að Sogni, til hagsbóta fyrir sjúklinga, s.s. með jólagjöfum til þeirra, tækjakaupum o.þ.h.

### 3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 4. gr.

Heildarstofnfé sjóðsins er kr. 850.000 – áttahundruðogfimmtíuþúsund, þar af er 50.000 kr. stofnframlag frá Rósu Aðalheiði Georgsdóttur og 800.000 kr. stofnframlag frá Landsbanka Íslands hf.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa Rósa Aðalheiður Georgsdóttir, kt. 260219-4059, Hreinn Hákonarson, kt. 180852-5069, fangaprestur og Magnús Skúlason, kt. 311039-3699, geðlæknir, yfirlæknir á Sogni. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Kristjana Thorarensen, Urðarstíg 6, Hafnarfirði dótturdóttir Rósu mun taka sæti Rósu Aðalheiðar í stjórn sjóðsins að Rósu genginni.

Að öðru leyti munu stjórnendur sitja ótímabundið í stjórn. Hverfi menn úr stjórn skulu þeir sem eftir sitja í stjórninni tilnefna nýjan stjórnarmann. Stefnt skal að því að í stjórninni eigi jafnan sæti yfirlæknir réttargeðdeildar og sjúkrahússprestur.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu hans, tekur allar ákvarðanir um rekstur hans og hvernig markmiðum hans verði best náð.

### 6. gr.

Tekna aflar sjóðurinn m.a. með frjálsum framlögum og eru tekjur hans þá vextir og arður af eignum sjóðsins og annað það sem sjóðnum kann að áskotnast.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að veita af tekjum hans og óbundinni eign styrki í samræmi við tilgang hans. Stjórnin annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur. Stjórnarmenn fá ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast.

Sjóðurinn er ávaxtaður í Landsbanka Íslands hf. Ekki er heimilt að skerða stofnfé sjóðsins

### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins og skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið

ráðstafað á liðnu ári í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

## 9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki stofnanda og stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðherra.

Samþykki stofnanda og stjórnarmanna þarf til þess að leggja sjóðinn niður.

Skal eignum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Undir skipulagsskrá þessa rita greiðendur stofnframlaga sjóðsins þann 27. október 2004.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. desember 2004.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

---

*Bryndís Helgadóttir.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Starfssjóð Félags fyrrum þjónandi presta.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Starfssjóður Félags fyrrum þjónandi presta, kt. 470596-2369.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

## 2. gr.

Sjóðurinn var upphaflega stofnaður af stjórn elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar með tvö hundruð og fimmtíu þúsund króna - 250 000 kr. stofnframlagi, sem var gjöf úr stofnenda-sjóði Grundar á árinu 1987, til þess að minnst þess, að á því ári voru liðin 65 ár frá því að elli- og hjúkrunarheimilið Grund tók til starfa, hinn 29. október 1922, og 35 ár síðan dvalarheimilið Ás/Ásbyrgi í Hveragerði tók til starfa, hinn 26. júlí 1952, eða samtals 100 starfsár.

Jafnframt því að minnst þessara tímamóta, var gjöfinni ætlað að vera þakklætisvottur til Félags fyrrverandi sóknarpresta fyrir vináttu og ræktarsemi félaga þess við fyrrnefndar stofnanir á liðnum áratugum. Skipulagsskrá fyrir sjóðinn var staðfest af forseta Íslands 5. maí 1988. Samkvæmt ákvæðum í skipulagsskránni skyldi stjórn Félags fyrrverandi sóknarpresta gera nýja skipulagsskrá að liðnum tíu árum frá staðfestingu skipulagsskrárinnar. Skipulagsskrá þessi kemur því í stað ofangreindrar skipulagsskrár. Félagið hefir nú með samþykkt endurskoðaðra félagslaga á aðalfundi 2004 breytt nafni í samræmi við breyttar kringumstæður og heitir hér eftir: Félag fyrrum þjónandi presta, kt. 470596-2369 og er þannig opið fyrir sérþjónustupresta og alla sem þjónað hafa í prestsstarfi.

## 3. gr.

Sjóðnum er ætlað að styrkja og efla starf Félags fyrrum þjónandi presta og vera til aðstoðar og fagnaðar fyrir félagi og maka þeirra.

## 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru áheiti og gjafir hvers konar, vaxtatekjur og verðbætur. Gjafir og áheiti skal skrá í fundargerðarbækur félagsins jafnótt og slíkt berst og hefir verið kynnt á fundi. Höfuðstólssöfnun samkvæmt 4. gr. fyrri skipulagsskrár er lokið. Höfuðstóll telst vera átta-hundruðögsex tíu og sex þúsundkrónur - 866 000 kr. við gildistöku þessarar skipulagsskrár. Hann má ekki skerða.

## 5. gr.

Stjórn Félags fyrrum þjónandi presta stjórnar notkun arðs af sjóðnum í samræmi við 3. gr. Heimilt er að nota 9/10 af arðinum samkvæmt henni. Við höfuðstólinn skal leggja 1/10 af arði og einnig tilfallandi gjafir og áheiti. Breytingu á notkun á arðshlutfalli má gera með endurskoðaðri skipulagsskrá.

Stjórn Félags fyrrum þjónandi presta skal tilnefna 3ja manna stjórn fyrir sjóðinn. Í fyrsta sinn tilnefnir hún 1 stjórnarmann til 1 árs, annan til 2ja ára og þann þriðja til 3ja ára. Síðan tilnefnir hún árlega 1 stjórnarmann til þriggja ára. Sjóðsstjórnin, skiptir með sér verkum og tilnefnir vörslumann sjóðsins og 2 skoðunarmenn reiknings. Vörslumaðurinn skal annast reikningshald sjóðsins og afhenda stjórn Félags fyrrum þjónandi presta leyfilegan hlut af arði sjóðsins í byrjun hvers árs.

Ársreikning sjóðsins skal hann leggja fram árlega á aðalfundi félagsins með áritun skoðunarmanna til kynningar og samþykktar.

Árlega sendir hann Ríkisendurskoðun ársreikninginn eins og lög kveða á um, þ.e. fyrir 30. júní. Jafnframt gerir hann grein fyrir notkun arðsins.

Falli niður starf Félags fyrrum þjónandi presta mót von skal stjórn sjóðsins starfa áfram. Hún skal gæta þess að endurnýja árlega liðsafla sinn með því að fá einhvern úr röðum fyrrum þjónandi presta til stjórnarstarfa 3ja ára tímabil eftir sömu reglu og að ofan greinir að sjóðsstjórnin skuli skipuð. Eins skal hún, ef sjóðsstjórnarmaður forfallast á einhvern hátt fá fyrrum þjónandi prest til starfa út starfstímabil þess sem forfallaðist. Þannig sé ávallt 3ja manna sjóðsstjórn starfandi til þess að sjóðurinn sé varðveittur samkvæmt lögum.

## 6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta með sem tryggustum hætti og bestu fánlegum ávöxtunarkjörum.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra Íslands á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. desember 2004.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á reglum um innkaup og sölu áfengis og skilmálum í viðskiptum við birgja nr. 351/2004.

1. gr.

Töluliður 4.16 orðast svo:

4.16 ÁTVR birtir verðskrá á heimasíðu sinni - [www.vinbud.is](http://www.vinbud.is).

Birgjar geta breytt verði sínu fyrsta dag hvers mánaðar þó annan virkan dag janúar. Tilkynna skal verðbreytingar skriflega eigi síðar en fimmtánda dag næsta mánaðar á undan verðbreytingardegi.

2. gr.

Reglur þessar öðlist gildi við birtingu.

Reykjavík, 15. desember 2004.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

*Hildur Petersen. Sigurður M. Magnússon. Anna Margrét Jóhannesdóttir.*

Með vísan til 10. gr. reglugerðar nr. 369/2003 um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 30. desember 2004.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Elmar Hallgríms.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á reglum um innkaup og sölu tóbaks og skilmálum í viðskiptum við birgja nr. 796/2002.

1. gr.

Töluliður 4.13 orðast svo:

4.13 ÁTVR birtir verðskrá á heimasíðu sinni - [www.vinbud.is](http://www.vinbud.is).

Birgjar geta breytt verði sínu fyrsta dag hvers mánaðar þó annan virkan dag janúar. Tilkynna skal verðbreytingar skriflega eigi síðar en fimmtánda dag næsta mánaðar á undan verðbreytingardegi.

2. gr.

Reglur þessar öðlist gildi við birtingu.

Reykjavík, 15. desember 2004.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

*Hildur Petersen. Sigurður M. Magnússon. Anna Margrét Jóhannesdóttir.*

Með vísan til 10. gr. reglugerðar nr. 369/2003 um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 30. desember 2004.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Elmar Hallgríms.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundabyggðar í Refsási (II. áfanga), í landi Hálsa, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 10. nóvember 2004 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Refsási (II. áfangi) í landi Hálsa Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið er um 6 ha að stærð og gerir ráð fyrir 9 lóðum fyrir frístundahús (merkt 9-17) og er leyfilegt að reisa eitt frístundahús allt að 120 m<sup>2</sup> að grunnfleti á hverri lóð ásamt geymslu. Á lóð merkt nr. 10 verður heimilt að reisa tvö hús innan byggingarreits.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grund, 24. desember 2004.*

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

**Davíð Pétursson.**

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Túngata 7, Álftanesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarráð Álftaness þann 9. desember 2004 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Túngata 7, Álftanesi, frá deiliskipulagi Túnahverfis, dags. 17. júlí 1996. Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður um 0,6 m út frá suðausturhlíð hússins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Álftanesi, 26. desember 2004.*

**Gunnar Valur Gíslason** bæjarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn nr. 405/2004.

#### 1. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

Óheimilt er að meðhöndla náttúrulegt ölkelduvatn og/eða átappað lindarvatn í uppruna-  
legu ástandi nema á eftirtalinn hátt og að því tilskildu að meðhöndlun samkvæmt 1., 2. og  
3. tölul. hafi ekki áhrif á samsetningu vatnsins hvað varðar þau undirstöðuefni sem gefa því  
sér eiginleika:

1. Með síun eða fellingu til að fjarlægja óstöðug efni þess svo sem járn og brennisteins-  
sambönd, mögulega að undangenginni súrefnisbindingu.
2. Með því að fjarlægja óæskileg efni og efnasambönd önnur en þau sem tilgreind eru  
í 1. tl. og 3. mgr. þessarar greinar.
3. Með eðlisfræðilegum aðferðum til eyðingar óbundins koltvísýrings, algjörlega eða  
að hluta.
4. Með því að bæta koltvísýringi í vatnið ef það er gert í samræmi við skilgreiningar  
á freyðandi náttúrulegu ölkelduvatni eða freyðandi lindarvatni, sbr. 9. gr.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. lög um  
hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á  
tilskipun 2003/40/EB sem vísað er til í 26. tl. XII. kafla II. viðauka samningsins um Evr-  
ópska efnahagssvæðið.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 22. desember 2004.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## GJALDSKRÁ

### um sorphirðu í Garðabæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

#### 2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaðarhlutdeild við rekstur endurvinnslustöðva.

## 3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 10.500 á hverja íbúð.

## 4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

## 5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

## 6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og gildir frá 1. janúar 2005.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 2. desember 2004.*

**Guðjón E. Friðriksson** bæjarritari.

## GJALDSKRÁ

### um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, Garðabæ.

## 1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

## 2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 100.500 á hvert hús.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

## 3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Taðþróargjöld skulu tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.



## 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ frá árinu 1991, gildir frá 1. janúar 2005.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 2. desember 2004.*

**Guðjón Erling Friðrikson** bæjarritari.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um lánaflokka Íbúðalánasjóðs, nr. 458/1999, með síðari breytingum.

## 1. gr.

1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Vextir af lánum Íbúðalánasjóðs, skv. 1.-6. og 8. tölul. 2. gr. þessarar reglugerðar ákveðast á sama hátt og vextir ÍLS-veðbréfa. Vextir af lánum til leiguíbúða, sbr. 7. tölul. 2. gr., geta verið fastir eða breytilegir, eins og nánar er kveðið á um í 41. gr.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. reglugerðarinnar:

a. 5. mgr. verður svohljóðandi:

Lánstími lána samkvæmt þessum kafla skal vera allt að 50 árum og geta vextir verið fastir eða breytilegir. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða breytilega vexti en fastir vextir og vaxtaálag ákveðast á sama hátt og vextir ÍLS-veðbréfa.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Íbúðalánasjóði er heimilt að bjóða þeim, sem afsala sér rétti til að greiða lán upp fyrir gjalddaga og til að greiða aukaafborganir af láni, lán samkvæmt þessum kafla með lægra vaxtaálagi en almennt býðst. Sé lán með lægra vaxtaálagi greitt upp fyrir lok lánstímans eða greiddar af því aukaafborganir skal greiða sérstaka þóknun til Íbúðalánasjóðs samkvæmt gjaldskrá Íbúðalánasjóðs. Um lánskjör fer að öðru leyti skv. 4. gr.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 30. desember 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1098	2. des.	Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ .....	2798-2799
1099	2. des.	Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, Garðabæ .....	2799-2800
1100	30. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um lánaflokka Íbúðalánasjóðs, nr. 458/1999, með síðari breytingum .....	2800

